

Kosið um samning eða dómstóla

Forseti Íslands beitti synjunarvaldi sínu í þriðja sinn í gær og vísaði nýjasta Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin undrast ákvörðun forsetans. Kosið um samningaleið eða dómstólaleið. Óvíst að dómstólaleiðin skili betri niðurstöðu fyrir þjóðina.

ICESAVE Þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave-samninginn snýst um hvort Íslendingar vilja semja um málið eða fara dómstólaleiðina. Litlar líkur eru á því að sest verði aftur að samningaborðinu. Þetta er mat Lárusar Blöndal, hæstaréttarlögmanns og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefnd Íslands um Icesave. Undir orð Lárusar taka forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra. Algjör óvissa ríkir á ný um Icesave-samkomulagið.

Líklegt þykir að Bretar og Hollendingar höfði mál verði Icesave-samningurinn ekki samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslunni að mati Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors. Ekki er víst að niðurstaða dómstóla yrði Íslendingum hagstæðari en núverandi samningur.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjaði lögum um Icesave-samninginn staðfestingar í gær. Hann rökstuddi ákvörðun sína með því að stuðningur við þjóðaratkvæðagreiðslu hefði verið töluverður á Alþingi, tæplega 40 þúsund undirskriftum hefði verið safnað þar sem forsetinn var hvattur til að synja lögumum staðfestingar og að skoðanakannanir hefðu bent til að meirihluti þjóðarinnar vildi koma að afgreiðslu málsins.

„Þetta mál er á margan hátt erfið og þetta hefur ekki verið einföld ákvörðun,“ sagði forsetinn í yfirlýsingu sinni.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra voru bæði undrandi á ákvörðun forsetans. Jóhanna segist óttast að með henni hafi forsetinn tekið verulega áhættu og að ekki verði lengra komist í samningaviðræðum. Hún lýsir yfir áhyggjum af afleiðingum ákvörðunarinnar.

„Verði samningurinn felldur gæti það valdið seinkun á afnámi gjaldeyrishaftanna og komið í veg fyrir erlenda fjárfestingu, eins og í Búðarhálsvirkjun, þar sem beðið



GENGIÐ AF FUNDINUM Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gekk með bros á vör af blaðamannafundi á Bessastöðum í gær eftir að hann tilkynnti að hann myndi ekki undirrita Icesave-lögin heldur leggja þau í dóm þjóðarinnar.

hefur verið eftir lausn Icesave-deilunnar. Þetta getur því haft áhrif á efnahagsmálin hér,“ sagði Jóhanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra tók í sama streng og forsætisráðherra.

„Hér hefur verið þingræði og á mann leita ýmsar stríðar hugsanir þegar þetta gerist eftir að Alþingi samþykkir lög með meira en tveimur þriðju greiddra atkvæða,“ segir Steingrímur.

Bjarni Benediktsson, formaður

Grundvallaratriðið sem hlýtur að ráða niðurstöðu forseta [...] er að þjóðin fór með löggjafarvald í Icesave-málinu og ekki hefur tekist að skapa viðtæka sátt um að Alþingi ráði nú eitt niðurstöðu málsins.

ÚR YFIRLÝSINGU FORSETA ÍSLANDS

Sjálfstæðisflokksins, fagnar því að málið sé komið til þjóðarinnar en hefði þó viljað að ákvörðunin hefði verið tekin á Alþingi. Bjarni stendur fyllilega við stuðning sinn við Icesave-samninginn og segir að hann muni gera það áfram, sama hvernig málin þróast.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir ekkert athugavert við það að forsetinn hafi vísað málinu til þjóðarinnar. Kveðið sé á um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskrá Íslands

og forsetinn hafi lagt fram rök fyrir máli sínu. Hvort menn séu sammála þeim eða ekki sé annað mál.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir talsmanni hollenska fjármálaráðuneytisins að samningaviðræðunum um Icesave sé lokið, samningur sé á borðinu. Þá var haft eftir starfsmanni breska fjármálaráðuneytisins að þar á bæ biðu menn frekari skýringa á stöðunni á Íslandi.

- sv, þeb, mþl, kh / sjá síður 4, 6 og 8



HEIMILIS
Jógúrt

Kauptu mig!

ÉG ER **ÖÐÝR** OG BRAGÐGÓÐ
JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART

Jóhanna Sigurðardóttir um þjóðaratkvæðagreiðsluna:

Mögulega kosið samhliða til stjórnlagabings



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir einboðið að skoða eigi hvort æskilegt sé að halda endurtekna kosningu til stjórnlagabings samhliða kosningunni um Icesave.

Hvorki Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, né Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, voru tilbúnir til að taka afstöðu til málsins í gær. Sigmundur Davíð sagði þó hættu á því að ólík mál flæktust saman

yrði kosið samhliða um fleira en eitt mál. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, segir eðlilegt að málið sé skoðað.

Nefnd skipuð þingmönnum úr öllum flokkum er nú að störfum við að skoða hvernig bregðast skuli við ógildingu Hæstaréttar á stjórnlagabingskosningarnar. Stjórnvöld hafa gefið í skyn að líklegasta niðurstaðan sé sú að endurtaka einfaldlega kosninguna.

- mþl



Á fljúgandi siglingu
Siglingafélagið Brokey fagnar fjörutíu árum.
tímamót 16

KR og Keflavík unnu
Úrslit í bikarkeppnum karla og kvenna fóru fram um helgina.
sport 24 & 26



TILBOÐ VIKUNNAR

MORA Origo sturtutæki
Verð: 16.900,- kr



mora

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



Gunnar, dilla bragðlaukarnir sér á Dilli?

„Já, ef ekki á Dilli, þá hvergi.“

Gunnar Karl Gíslason er matreiðslumeistari á Dilli í Norræna húsinu. Staðurinn hlaut nýlega tilnefningu sem besta veitingahúsið á Norðurlöndunum.

Eignarnámsland í Hafnarfirði: Nýtt mat 50 prósentum lægra

SVEITARSTJÓRNIR Land sem Hafnarfjarðarbær tók eignarnámi í Kapelluhrauni í apríl 2008 var 400 milljóna króna virði á þeim tíma, segja tveir fasteignasalar sem voru dómkvaddir sem matsmenn af Héraðsdómi Reykjaness.

Um er að ræða sextán hektara land sem Skógrækt ríkisins átti en Hafnarfjarðarbær tók undir atvinnulóðir. Matsnefnd eignarnámsbóta taldi landið 600 milljóna króna virði. Við það mat undi Hafnarfjarðarbær ekki og fékk dómskvadda matsmenn að málinu. Þeir segja að án skipulagsins, sem bærinn lét vinna fyrir landið, hefði það verið 340 milljóna króna virði.



VERÐLAUNAHAFAR Landsbjörg hlaut Samfélagsverðlaunin í fyrra.

Samfélagsverðlaunin: Enn tækifæri til að tilnefna

SAMFÉLAGSMÁL Frestur til tilnefninga til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út í dag. Sá sem hlýtur verðlaunin fær í sinn hlut eina milljón króna. Í fyrra komu verðlaunin í hlut Landsbjargar, sem þá hafði unnið það afrek að verða fyrst erlendrar björgunar sveita til Hafrí eftir jarðskjálftann janúar í fyrra. Hægt er að tilnefna til verðlaunanna á hlekknum www.visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangi@samfelagsverdlaun.frettabladid.is og með því að senda póst til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt Samfélagsverðlaun.

Yfirvöld í Líbíu og Barein taka ólíka stefnu gagnvart mótmælendum:

Hundruð myrt í Benghazi

MIDAUSTURLÖND, BBC Óttast er að yfir 200 manns hafi verið drepnir í Benghazi í Líbíu þar sem fólk mótmælir alræði Muammar Gaddafí til síðustu 40 ára. Herinn skaut á líkfylgdir mótmælenda, en 20 voru drepnir í mótmælunum á laugar-dag. 900 manns til viðbótar eru særðir.

Vilja mótmælendur í Líbíu að Gaddafí fari frá og með honum öll yfirstjórn landsins. Hann hefur hins vegar marga ára reynslu af því að vera útlagi í alþjóðasamfélaginu og þolir enga gagnrýni.



Í LONDON Fólk safnaðist saman utan heimalandsins og mótmælti alræðinu í Líbíu.

Algert fjölmiðlabann hefur verið sett á í landinu og því hefur reynst erfitt að staðfesta fréttir þaðan.

Í Barein hörfaði herinn á Perlu-torgi í höfuðborginni Manama við mikinn fögnuð mótmælenda. Konungsfjölskyldan hefur hafið viðræður við mótmælendur.

Ástæður þess að yfirvöld í Barein hafa ákveðið að hörfa er talin vera mikill þrýstingur að utan. Barack Obama Bandaríkjaforseti og William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, hafa verið í sambandi við konungsfjölskylduna í Barein og hvatt til friðsamlegra lausna.

Í Barein beinast mótmælin að ríkisstjórninni og vilja mótmælendur að hún fari frá.

Föst í hjólastól eftir mislukkað fitusog

Ég er fangi læknamistakanna, segir Inga Ósk Guðmundsdóttir sem ók á eigin bíl á Landspítalann í október 2008 en er nú bundin í hjólastól eftir mistök í fitusogi. Hún telur 1,3 milljóna bætur smáanlegar og hyggst leita réttar síns.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég gekk inn á Borgarspítalann, alveg grandalaus, og útskrifaðist þaðan tæpu ári síðar í hjólastól.“

Þetta segir Inga Ósk Guðmundsdóttir, rúmlega sextug kona sem kveðst vera „fangi læknamistakanna“.

Inga Ósk var á biðlista eftir svokallaðri svuntuaðgerð og var kölluð inn á Landspítala 8. október 2008. Aðgerðin átti að minnka umfang kviðar og tog hans á bakið.

„Mér var sagt að til væri önnur tegund aðgerðar, svokallað fitusog, sem væri minna inngríp, með öllu hættulaus og miklu betri til árangurs,“ rifjar Inga Ósk upp.

Hún fór því í fitusogsaðgerð og var send heim daginn eftir. Tveimur dögum síðar kom hún á bráðamóttöku vegna kviðverkja, þá komin með háan hita.

Við rannsókn sást gat á görn, sem rakið var til fitusogsins, og var hún skorin upp til að sauma fyrir það. Þrem dögum síðar þurfi að skera hana aftur og í kjölfarið þurfti að gera á henni „fjöldamargar aðgerðir og skiptingar á kviðarholsskurði,“ eins og því er lýst í skýrslu Sjúkratrygginga Íslands. Hægðir láku stöðugt í umbúðir á kvið.

Inga Ósk var fárveik á þessum tíma, lá á gjörgæslu með sýkingar, fór í öndunarbílun, gerður var barkaskurður, hún var í öndunarvél vikum saman og fékk blóðtappa í fótinn. Um tíma var ástand hennar tvísýnt og það spítalinn um fund með fjölskyldu hennar.

Smátt og smátt fór hún þó að ná sér og var þá flutt á endurhæfingardeild Landspítalans. Þjálfun þar reyndist erfið, meðal annars



Niðurstaða sjúkratrygginga

„Við mat á varanlegri örorku er lítið til afleiðinga sjúkratryggingaábyrgðar og aðstæðna en um er að ræða 62 ára gamla konu sem hefur verið 75% öryrki frá árinu 1983. Engar fjárhagslegar breytingar hafa því orðið á högum tjónþola og telja matsmenn að sjúkratryggingaábyrgð hafi ekki áhrif á aflahæfi tjónþola í framtíðinni. Varanleg örorka er því engin.“

vegna þess að enn tæmdust hægðir í umbúðirnar á maganum. Á endanum fór Inga Ósk í enn eina aðgerðina, þar sem hluti af görnunum var numinn brott. Hún var einnig mikið veik eftir þessa aðgerð og þurfti meðal annars að fara í ástungu vegna vökvamyndunar í brjóstholi. Það var ekki fyrr en 17. júlí 2009 sem hún útskrifaðist frá endurhæfingardeildinni á Grensá.

„Afleiðingar af þessu urðu meðal annars þær að ég missti minnið að

mestu leyti,“ segir hún. Inga Ósk var 75 prósent öryrki vegna gigtar áður en hún fór í fitusogið. Á spítalann ók hún á eigin bíl en er nú bundin hjólastól. Sjúkratryggingar töldu hæfilegar bætur henni til handa 1,3 milljónir króna með vöxtum. Þær fóru til kaupa á rafmagnshjólastól og fleiri nauðsynlegum hjálpartækjum.

„Þetta er smáanlegt,“ segir Inga Ósk um bæturnar og hyggst leita réttar síns.

Stórfellt fíkniefnasmygl:

Með hálfu kíló af eiturflyfjum

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir stórfellt fíkniefnasmygl. Maðurinn, sem er lettneskur ríkisborgari, reyndi að smygla inn í landið nær hálfu kíló af mefe-drone, sem er amfetamínskylt efni.

Maðurinn kom með flugi frá Kaupmannahöfn 4. desember 2010. Efnin ætlaði hann til sölu-dreifingar hér á landi í ágóða-skyni. Þau hafði hann falið í farangri sínum.

Sérsvaitin leitaði axarmanna:

Fjórir réðust með exi á mann

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn réðust með exi á mann skammt frá N1 á Selfossi síðdegis á laugardag. Fórarlambið slapp með minni háttar áverka en árásarmennirnir yfirgáfu vettvanginn þegar fórarlambið féll í götuna.

Ástæða árásarinnar er talin hafa verið uppgjör fíkniefna-skuldar.

Óskað var eftir aðstoð sérsvaitar Ríkislögreglustjóra við að leita að mönnum og handtaka. Mennirnir voru handteknir skömmu eftir árásina en hafa nú verið látnir lausir. Málið telst upplýst en gögn verða send ákærvaldi til að taka afstöðu um framgang málsins.

Frumvarp um þjóðkirkjulög:

Biskup geti sett presta í tíma-bundin störf

ÞJÓÐKIRKJAN Ríkisstjórnin samþykkti í gær frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra til breytinga á lögum um þjóðkirkjuna.

Í því felst að biskup verði heimilað að fela presti að gegna tíma-bundið embætti prests sem hefur losn að af tiltekn-um ástæðum. Er einkum lítið til þess að um sé að ræða prestakall sem kunni að verða sameinað grannprestakalli á grundvelli stefnumörkunar kirkjupings um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastdæma.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



20% AFSLÁTTUR
9. - 25. febrúar

Ein á dag þetta gamla góða í nýjum umbúðum

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVR.IS

Opið mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVR

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Þúsundir fugla og hvala sitja að veisluborði við norðanvert Snæfellsnes:

Síldin glæðir Breiðafjörð lífi

NÁTTÚRA Máfar, fýll, súla og aðrir sjófuglar hafa safnast saman í þúsunda tali í Grundarfirði og Kolgrafarfirði. Eins eru háhyrningar áberandi sem sjómenn telja að hafi verið hundruðum saman þegar mest hefur verið undanfarna daga. Einnig hefur sést til höfrunga, hrefnu og hnísu.

Þetta mikla dýralíf er að öllum líkindum vegna þess að bróðurparturinn af íslensku vorgotssíldinni heldur til í Breiðafirði eins og undanfarin ár.

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands hefur fylgst grannt með þeim áhrifum sem síldin hefur á aðrar tegundir og lífshætti þeirra. Á miðvikudaginn var lítið til hvala stutt frá landi og skammt frá höfninni í Grundarfirði. Var fylgst með hópi sjó háhyrninga sem synti meðfram ströndinni í kyrru en þungbúnu veðri.



Í GRUNDAFIRÐI Sjófuglar og háhyrningar hafa verið mjög áberandi í Grundar- og Kolgrafarfirði undanfarið vegna íslensku vorgotssíldarinnar.

Háhyrningar eru stundum kallaðir úlfar hafsins, enda eru þeir öflug rándýr sem fara víða og veiða gjarnan í fjölskylduhópum.

Kýrnar geta orðið meira en átta-tíu ára gamlar og allt að sjö metra langar en tarfar allt að fimmtíu ára og tíu metra langir.

Android daggar hjá Nova!

facebook



Google Sky Map

HTC Wildfire

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 5,0 MP myndavél

**1.000 kr. símnottkun
á mán. í 12 mán. fylgir!**

4.990 kr.

**á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 58.990 kr.**

Gildir með áskrift og frelsi.

foursquare

Staðsetningarforrit

Google™ maps

Götukort



Fótboltaforrit

**1.000 kr.
símnottkun
á mán. í 12 mán.
fylgir öllum
Android
farsímum
hjá Nova!**

LG Optimus One

ANDROID 2.2

- Google Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 3,15 MP myndavél

**1.000 kr. símnottkun
á mán. í 12 mán. fylgir!**

3.990 kr.

**á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 44.990 kr.**

Gildir með áskrift og frelsi.

Android
Market

Yfir 200.000 frí forrit (apps)



Tölvupósturinn



RunKeeper Pro



Leikir

Android dagar til 1. mars!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Netið í farsímann fylgir hjá viðskiptavinum í áskrift (150 MB/mán.), en í frelsi kostar dagurinn aðeins 20 kr. (5 MB).
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

„Ég tel að út frá velferð þjóðarinnar hafi þetta verið röng niðurstaða hjá forsetanum. Ég átti töluvert erfitt með að átta mig á ýmsum rökum sem hann flutti fyrir máli sínu,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir niðurstöðu forsetans merkilega í ljósi þess að hann hafi sjálf sagt mörgum sinnum eftir að hann synjaði lcesave staðfestingar í fyrra skiptið að Íslendingar vilji



og sjálfur telji ha-
ingur náðist ve-
„Þetta teng-
Ástæðan er su-
fyrra vegna þe-
allir stjórnmál-
inn, stærsti stj-
samning.
Ef samningur-
vona að hann þ-
biti.“ Össur se-
ríkisstjórnina-
og ríkisstjór-
ákveður að
Össur
skipti við
í samb-
Það er
fyrir

Ef samningurinn fellur í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem ég vona að hann geri ekki, þá taka menn því eins og hunds-biti.“ Össur segir að það muni ekki heldur hafa áhrif á ríkisstjórnina. „Þetta er stjórnskipulegur réttur forsetans og ríkisstjórn segir ekki af sér vegna þess að forseti ákveður að fara eftir stjórnarskrá.“

Hann segist ekki viss um að hægt sé að semja neitt frekar. „Ég tel sjálfur að það sé útilokað að fara í nýja samninga. Þá mun málið einfaldlega fara í dóm. Þá taka Íslendingar þá áhættu og hún gæti verið töluvert mikil.“

Hann segist ekki viss um að hægt sé að semja neitt frekar. „Ég tel sjálfur að það sé útlokað að fara í nýja samninga. Þá mun málið einfaldlega fara í dóm. Þá taka Íslendingar þá áhættu og hún gæti verið töluvert mikil.“ - þeb

„Ég er ánægður með að málið sé farið fyrir þjóðina, en hefði talið rétt að Alþingi hefði tekið þá ákvörðun,” segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Bjarni studdi það að þjóðin ætti að fá tækifæri til að greiða atkvæði um Icesave-samningana og segist því vera ánægður með að málið fari svo.



skilmálum nýja Icesave-samningsins. Hann telur að ákvörðun forsetans hafi ekki áhrif á stöðu hans sem formanns Sjálfstæðisflokksins. Hann segist hafa gert mjög vel grein fyrir sinni afstöðu í málinu á sínum tíma, en hann sé ekki flutningsmaður þess.

„Ég stend fyllilega við þá ákvörðun að styðja samn-

„Ég tel að það sé orðið mjög áfórðandi fyrir okkur að skýra það í íslenskir stjórnskipun, og jafnvel með almennum lögum, í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum uppfylltum, mál eigi almennt að fara til þjóðarinnar. Mér finnst óeðlilegt að það sé í höndum eins manns,“ segir hann.

„En ég vil taka það fram að ég treysti þjóðinni mjög vel að taka ákvörðun í þessu máli.“

Bjarni greiddi atkvæði með

inginn og mun gera það áfram, sama hvernig allt þróast.“ Bjarni segir að í ljósi ákvörðunar forsetans sé staða ríkisstjórnarinnar mjög veik og hafi í raun verið svo í langan tíma.

„Það hlýtur að teljast sögulegt að ríkisstjórn sem var gerð með jafn afgerandi hætti afturreka með þetta mál í fyrra, að hún skuli enn sitja við völd,“ segir Bjarni. „Allra hluta vegna, ekki bara vegna lcesave, þurfum við kosningar og nýja ríkisstjórn.“ - sv

Ólafur Ragnar Grímsson er eini forseti Íslands sem hefur notað málskotsrétt sinn samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar. Hann gerði það í þriðja skipti í gær.

Árið 2004 neitaði Ólafur Ragnar að staðfesta fjölmíðlafrumvarpið svokallaða. Rúmlega þrjátíu þúsund manns höfðu þá skrifað undir áskorun til hans um að staðfesta ekki lögin. Ekki kom þó til þjóðaratkvæðagreiðslu því lögin voru dregin til baka.

Í byrjun árs 2016 hélt forsetinn sams konar fund og í gær og tilkynnti að hann myndi vísa Icesave-lögunum sem þá lágu fyrir í þjóðarktvæðagreiðslu. Tveimur mánuðum síðan fór fram atkvæðagreiðsla þar sem spurt var hvort lögin um Icesave ættu að taka gildi eða falla úr gildi. 62,7 prósent kjósenda tóku þátt, 1,8 prósent vildu að lögin héldu gildi en 93,2 prósent vildu fella þau úr gildi. Fimm prósent skilduðu auðu eða ógildu atkvæði.

Icesave aftur í þjóð- aratkvæðagreiðslu

Ólafur Ragnar Grímsson vísaði lögum um Icesave-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Hann segir þing og þjóð hafa farið saman með löggjafarvald og ekki hafi verið samstaða um að þingið ljúki málinu án þjóðarinnar.

stjórnskipun Íslands fer Alþingi með löggjafarvaldið nema þjóðin hafi fyrir tilstuðlan forseta fengið mál í sínar hendur. Þá fara Alþingi og þjóðin saman með löggjafarvaldið og er ákvörðun þjóðarinnar endanleg. Í þessum efnum er stjórnskrá lýðveldisins skýr. Með ákvörðun forseta 5. janúar 2010 og þjóðaratkvæðagreiðslunni sama ár var þjóðin löggjafi í Íslands-málinu eins og það lá þá fyrir. Niðurstaðan var afdráttarlaus."

„Annar löggjafi málsins, Alþingi, er hinn sami og spurningin er því hvort
sá löggjafi eigi einn að ljúka málinu án aðkomu hins löggjafans, þjóðarinn-
ar, sem áður réði lokaniðurstöðu.“

„Grundvallarátræðið sem hlýtur að ráða niðurstöðu forseta, hvað sem líður kostum hinna nýju samninga, er að þjóðin fór með löggjafarvald í Ícesave-málinu og ekki hefur tekist að skapa víðtæka sátt um að Alþingi ráði nú eitt niðurstöðu málsins.“

sgðist jafnframt vona að sem bestir landsmenn nýti lýðræðisleg-
n rétt sinn í komandi kosningu.

Olafur sagði hina nýju samninga margan hátt hagstæðari en þeir rri. Það hafi þó ekki breytt niðurðöu hans, grundvallaratriði sé að ggjafarvaldið sé tvíþætt.

Forsetinn sagðist aðspurður ekki þjóðinni fyrir því.

Það er ekkert að segja að hann sé að vega að þing-
eðinu með ákvörðun sinni, þó
aúkning meirihluti Alþingis hafi
umþykkt löginn sem hann synjaði
aðfestingar. Hann þvertók einn-
fyrir það að hann væri að breyta
jórnskipun Íslands með ákvörð-
ninni. Hún breytti heldur engu um
öðru ríkisstjórnarinnar, slíkar

Forsetaembættið kannaði áreið-
anleika undirskriftarsöfnunarinnar
með því að hringja í fólk og sögðust
99 prósent aðspurðir hafa skrifað
undir. Forsetinn vildi ekki gefa upp
stærð úrtaksins en sagði það stærra
en það sem aðstandendur söfnunar-
innar tóku, sem var 100 manns.

thorunn@frettabladid.is

thorunn@frettabladid.is



NÝTT!
NICOTINELL ICEMINT

NICOTINELL

NÝTT FRÍSKANDI
MINTU BRAGÐ

VELDU REYKLAUST LÍF

 Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins


Nicotinell nikotínlyfj fast án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigígum míni mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ónæmi fyrir nikotíni eða öðrum innihaldsefnum lyfisins, fengið hjartaáfall, nýlega, óstöðuga eða verandi hjartaþing, eða meðlæðu þinnetal afbrigði hjartaþinga, alvarlega hjartaáttarreglu eða heilabólali nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikotínlyf. Sjúklingar með háþrýsing sem ekki hefur náð stöðun á, stöðuga hjartaþing, sjúkdóm í heilaððum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómíklæðli, auk alvarlega skertar nýrna- og/eða lífrarstarfsemi skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknersáði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhruun 12a, 210 Garðabæ.





Elísabet Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

NOKKUÐ RÓLEGT
veður í dag og á morgun. Yfirleitt fremur hæg aust-anátt með vætu sunnan til á landinu. Á miðvikudag hvesur hins vegar um vestanvert landið og má búast við úrkomu í flestum landshlutum. Svipaður hiti áfram en kólnar norðan til.



Á MORGUN
3-8 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
Stíf NA-átt NV-til, annars víða 5-13 m/s.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	4°
Berlín	-5°
Billund	-1°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	20°
London	7°
Mallorca	15°
New York	4°
Orlando	27°
Ósló	-8°
París	9°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

EMC slær öll met í gagnageymslum!

Opinn morgunverðarfundur Skýrr, fimmtudaginn 24. febrúar, kl. 8–11

EJS + Skýrr = EMC

Skýrr og EJS (sem er hluti af Skýrr) eru samstarfsaðilar EMC á Íslandi, en það er eitt stærsta fyrirtæki veraldar í þekkingariðnaði.

EMC sérhæfir sig í hugbúnaði, vélbúnaði og viðtækri þjónustu á sviði gagnageymslu, vistarar á upplýsingum og grunnviða upplýsingatækni.

Sérfræðingar EMC eru núna í heimsreiðu sem þeir nefna "EMC's Record Breaking Tour". Heimsreiða þessi snýst um syrpu af hálf dags viðburðum þar sem sérfræðingar EMC sýna fólki hvernig það getur stórbætt árangur sinn í rekstri.

Skýrr býður atvinnulífinu á opinn morgunverðarfund með sérfræðingum EMC, sem hefur yfirskriftina EMC slær öll met.

Á morgunverðarfundinum mun EMC kynna nýja vörulínu, sem þeir telja að afli þeim samstundis forskots á gagnageymslu-markaði. Hugbúnaður og þjónustur keyrir allt að þrisvar sinnum hraðar, innleiðing tekur allt að 75% skemmri tíma og afritun er sjöfalt hraðari en áður hefur þekkt í þessum geira.

Lausnir EMC eru við allra hæfi og henta jafnt smáum sem stórum fyrirtækjum og stofnunum.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 24. febrúar, frá kl. 8:00 til 11:00. Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8:30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut). Fundurinn er gestum að kostnaðarlausu og öllum opinn, meðan húsrými leyfir.

Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is) eða með því að senda póst til skyrr@skyrr.is.

08:00 Húsið opnar - Morgunverður
Gómsætur morgunverður að hætti Kalla kokks

08:30 Gestur G. Gestsson – forstjóri
Skýrr býður góðan dag!

08:45 Upphafsorð EMC

09:00 *Thinking Different: Simple, Efficient, Affordable, Unified Storage. How to reduce unstructured data growth, and improve application performance at the same time*
Roger Samdal, Senior Technology Consultant, EMC

10:00 *World's Most Powerful Midrange Storage: New VNX Series. 3X performance, 3X efficiency, 3X productivity*
Roger Samdal, Senior Technology Consultant, EMC

10:45 Samantekt og lokaorð EMC

Fundarstjóri
Bjarni Þór Sigurðsson, sölustjóri hjá EJS-hluta Skýrr



EMC²
where information lives



569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

FORSETI ÍSLANDS SYNJAR AFTUR STAÐFESTINGU ICESAVE-LAGA

Forsetinn tók rétta ákvörðun

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, telur forseta Íslands hafa tekið rétta ákvörðun í Icesave-málinu miðað við forsögu þess.

„Maður treysti sér ekki til að giska á hver niðurstaðan yrði en maður vildi samt trúa því að hann yrði samkvæmur sjálfum sér, sem hann reyndist vera,“ segir Sigmundur.

Sigmundur segir næstu skref í málinu ráðast af því hvaða skilaboð stjórnvöld sendi. „Nú eins og síðast



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

er mikilvægt að menn sendi út mjög sterk skilaboð um það að eftir sem áður muni Íslendingar standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, þetta sé ekki spurning um það.“

Sigmundur Davíð vill ekki blanda þjóðaratkvæðareišlunni við stöðu stjórnarinnar en segir það vissulega hafa áhrif á stöðu hennar að málið fari núna í dóm þjóðarinnar eftir að ríkisstjórnin lagðist gegn því.

- mbl



FUNDAD Í ALÞINGISHÚSINU Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fundaði með þingflokki sínum um ákvörðun forsetans í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vegna breytinga á allt að seljast í Herra Hafnarfirði

Dýrasta flíkin er á **4.990,-**

Nýjar vörur eru ekki á útsölu

Herra
hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði • Sími 565 0073

Ekki verður samið frekar um Icesave

Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar voru undrandi á ákvörðun forsetans, en segja hana ekki hafa áhrif á stöðu ríkisstjórnarinnar því samningar hafi verið í höndum allra flokka. Ef málið verður felld blasir við að það fer fyrir dómstóla.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra voru bæði undrandi á ákvörðun forseta Íslands í Icesave-málinu. Jóhanna segist óttast að forsetinn hafi með henni tekið verulega áhættu og segir að ekki verða lengra komist í samningaviðræðum.

„Ákvörðun forsetans kom mjög á óvart í ljósi þessara samninga sem allir flokkar stóðu að. Það liggur fyrir að ekki verður gengið lengra í samningaviðræðum, þannig að verði málið felld þá blasir við að það fer fyrir dómstóla,“ segir Jóhanna og bætir við: „Þetta er hins vegar staðan og við bara tökum því og vinnum úr málinu eins og það stendur.“

Jóhanna lýsir yfir áhyggjum af afleiðingum ákvörðunarinnar. „Maður óttast það auðvitað þegar svona kemur upp að það taki okkur lengri tíma en maður hélt að öðlast trúverðugleika alþjóðasamfélagsins á ný. Ég ætla ekki að vera með neinar hrakspár en þetta gæti seinkað hagvexti og haft neikvæð áhrif á skuldatryggingarálagið,“ segir Jóhanna og heldur áfram: „Verði samningurinn felldur gæti það valdið seinkun á gjaldeyrishöftunum og komið í veg fyrir erlenda fjárfestingu, eins og í Búðarhálsvirkjun, þar sem beðið hefur verið eftir lausn Icesave-deilunnar. Þetta getur því haft áhrif á efnahagsmálin hér.“

Alþingi samþykkti í síðustu viku Icesave-frumvarpið með auknum meirihluta þingmanna. „Hér hefur



MÆTT TIL FUNDAR Jóhanna Sigurðardóttir og Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður hennar, mættu til fundar við aðra þingmenn Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verið þingræði og á mann leita ýmsar stríðar hugsanir þegar þetta gerist eftir að Alþingi samþykkir lög með meira en tveimur þriðju greiddra atkvæða,“ segir Steingrímur. Aðspurð segir Jóhanna Ólaf Ragnar höggva nokkuð nærri þingræðinu í landinu með ákvörðun sinni en hann hafi þó þetta vald samkvæmt stjórnarskrá.

Jóhanna segir loks að ákvörðun forsetans hafi ekki áhrif á stöðu ríkisstjórnarinnar. „Það er alveg ljóst að þessi samningur, sem hefur tekið marga mánuði að vinna við, var í höndum allra stjórnsmálaflokka í þinginu. Flokkarnir völdu

saman samningamenn og þarna var sérstakur fulltrúi stjórnarandstöðunnar líka. Þannig að þetta er fyrst og fremst mál þingsins og hefur ekkert með ríkisstjórnina að gera sem slíka,“ segir Jóhanna og neitar því að samningaleiðin sem farin hefur verið í þessu máli hingað til, hafi einungis verið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur segir að innanríkisráðuneytið fari nú í það að undirbúa kosningar sem fari fram eins fljótt og hægt er. „Ég held reyndar að þau séu byrjuð að funda nú þegar.“

thorunn@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is

Getur þú bjargað mannslífi?

Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:

Stórfjölskyldan (2006)

Askja, st. 132, fimmtudagur 24. febrúar 2011, kl. 17:30
Fjölskylduafurinn, Zhou Zhi, stýrir harðri hendi sem ættfaðir á grundvelli hefðbundinna kínverskra gilda. Í þrjú sinni sóar hann fjármunum fjölskyldunnar með svo alvarlegum hætti að hún rambar á barmi gjaldþrots. Með fæðingu stúlkubarns í fjölskylduna rofar til í samskiptum fjölskyldumeðlimanna, en þá tekur Zhou Zhi að viðurkenna að þörf sé á nýjum nálgunum.



Aðgangur ókeypis og öllum opið!
Lengd: 54 mín.



北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN
NORÐURLJÓŠ



Kínversk fræði við
HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Greiðir atkvæði gegn samningnum

Þór Saari, formaður Hreyfingarinnar, telur að forsætisráðherra og fjármálaráðherra eigi að segja af sér eftir ákvörðun forseta Íslands um Icesave.

Þór segist ánægður með ákvörðun forsetans og telur hana fyllilega eðlilega og rökrétta með hliðsjón af sögu og framvindu málsins. Hann telur hana ekki vera gagnrýni á störf Alþingis.

„Það er alveg skýrt í stjórnarskránni að forsetinn hefur þennan rétt,“ segir Þór. „Hann stóðst við ýmislegt, það voru 30 þingmenn sem vildu málið í þjóðaratkvæði. En auðvitað hefði Alþingi átt að afgreiða þetta þannig.“

Þór hyggst greiða atkvæði gegn samningnum þegar að þjóðaratkvæðagreiðslunni kemur. Hann segir að það sé ekki þar með sagt að málið fari fyrir dómstóla. „Við skulum ekki gleyma því að alveg frá fyrsta stigi málsins sagði



ÞÓR SAARI

Lee Buchheit að Íslendingar ættu ekki að borga þetta og þeir ættu ekkert að gera í málinu,“ segir Þór. „Það ætti bara að leyfa Bretum og Hollendingum að fá það sem kemur úr þrotabúinu. Ef þeir vilja svo fara í mál út af afganginum, þá verður það bara að koma í ljós.“

Þór bendir á að verið sé að tala um þrotabú einkafyrirtækis sem verið sé að gera upp.

„Að velja þessu yfir á íslenskan almenning er fáránlegur málaflutningur,“ segir hann. „Það á að láta þetta kyrrt liggja þar til það er búið að gera upp þrotabúið. Ef það er eitthvað sem stendur út af er hugsanlega hægt að ná samkomulagi við Breta og Hollendinga um afganginn. Við búum hér við ákveðna stjórnskipan í lýðræðisríki sem fullvalda þjóð og það verður að virða.“

- sv

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

TILBOÐSVERÐ Á KÆLISKÁPUM FRYSTISKÁPUM OG FRYSTIKISTUM



■ AEG KÆLISKÁPAR / FRÍSTANDANDI

				LISTAVERÐ	TILBOÐSVERÐ
SANTO 173 TK48	85X55X60	152/00L	HVÍTUR	84,900	67,920
SANTO 163 TK4	85X55X60	122/18L	HVÍTUR	78,900	63,120
SANTO 60170 TK	85X60X60	152/00L	HVÍTUR	84,900	67,920
SANTO 26-KA78	125x55x62	236L	HVÍTUR	89,900	71,920
SANTO 25-KA78	125x55x62	213/18L	HVÍTUR	94,900	75,920
SANTO 60240 DT	140x55X63	186/44L	HVÍTUR	99,900	79,920
SANTO 60290 KG	154X60X63	208/61L	HVÍTUR	126,900	101,520
SANTO 70306 KG	154X60X63	208/61L	STÁLGRÁR	159,900	127,920
SANTO 70300 KA	160X60X63	291/00L	HVÍTUR	165,900	132,720
SANTO 70308 KA	160X60X63	291L	STÁL	199,900	159,920
SANTO 70290 DT	160X60X63	221/69L	HVÍTUR	146,900	117,520
SANTO 60340 KG	175X60X63	223/92L	HVÍTUR	146,900	117,520
SANTO 60346 KG	175X60X63	223/92L	STÁLGRÁR	169,900	135,920
SANTO 70390 KA	180X60X63	375/00L	HVÍTUR	199,900	159,920
SANTO 71360 KG	185X60X63	245/92L	HVÍTUR	169,900	135,920
SANTO 70369 KG	185X60X63	221/82L	STÁLGRÁR	199,900	159,920
SANTO 71368 KG	185X60X63	249/110L	STÁL	209,900	167,920
SANTO 75380 KG	201X60X63	285/78L	HVÍTUR	196,900	157,520

■ AEG KÆLISKÁPAR / TIL INNBYGGINGAR

SANTO U 9 6000-6I	87X59X54	136/00L		94,900	75,920
SANTO K 9 1240-7I	189/17L	122X55,6X55		148,900	119,120
SANTO C 8 1842-6I	177X54X55	210/70L		174,900	139,920
SANTO K 8 1840-6I	177X54X55	267/35L		179,900	143,920
SANTO K 9 1800-5I	177X54X54	330/00L		196,900	157,520

■ AEG FRYSTISKÁPAR / FRÍSTANDANDI

ARCTIS 70120-GS	85X60X63	96L	HVÍTUR	92,900	74,320
ARCTIS 60190 GS	140x60x63	160L	HVÍTUR	149,900	119,920
ARCTIS 60220-GS	160X60X63	194L	HVÍTUR	175,900	140,720
ARCTIS 75270-GA	180X60X63	254L	HVÍTUR	207,900	166,320
ARCTIS 75238-GA	180X60X63	215L	STÁL	243,900	195,120

■ AEG FRYSTISKÁPAR / TIL INNBYGGINGAR

G9 1850-4I	177X54X54	208L	INNBYGGÐUR	262,900	210,320
N9 1250-4I	121x54x55	123L	INNBYGGÐUR	211,900	169,520

■ AEG FRYSTIKISTUR

AEG EL35	86X105X73	347L			99,900
AEG EL 45	86X130X73	447L			106,900

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
Sjá nánar á www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

FORSETI ÍSLANDS SYNJAR AFTUR STAÐFESTINGU ICESAVE-LAGA

Lítið heyrst í Bretum og Hollendingum

Lítið heyrðist frá stjórnvöldum í Bretlandi og Hollandi í gær í kjölfar ákvörðunar forseta Íslands um að synja Icesave-lögunum staðfestingar.

Bloomberg-fréttastöðin hefur þó eftir talsmanni hollenska fjármálaráðuneytisins að samningaviðræðunum um Icesave sé lokið, samningur sé á borðinu. Þá var haft eftir starfsmanni breska fjármálaráðuneytisins að þar á bæ biðu menn frekari skýringa á stöðunni á Íslandi. Bloomberg vitnar í hagfræðing hjá Íslenska fjármálafyrirtækinu GAMMA sem leiðir að því líkur að skuldtryggingarálag Íslands hækki í kjölfar ákvörðunar forsetans.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að Íslenskir embættismenn hafi rætt við erlenda starfsbræður sína í gær en staðan verði rædd nánar á næstu dögum.

- mbl

Ánægðir með Ólaf

Samtök þjóðar gegn Icesave, hópurinn sem stóð að undirskriftasöfnun gegn Icesave-frumvarpinu á vefsíðunni kjosum.is, fagnar ákvörðun forseta Íslands um að synja Icesave-lögunum staðfestingar og vísa þar með málinu til þjóðarinnar. Þá eru forsetanum færðar þakkir.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá hópnum. Þar segir að íslenska þjóðin fái nú tækifæri til að taka afstöðu til ólögvarinna krafna Breta og Hollendinga. Á fimm og hálfum sólarhring skoruðu 37.488 Íslendingar á forseta Íslands að synja lögunum staðfestingar.

- mbl



Ég tel að það hafi vantað kynningu á samningnum og að þetta sé ágætis tækifæri til að kynna hann fyrir fólki.

LÁRUS BLÖNDAL
FULLTRÚI STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR
Í ICESAVE-SAMNINGANEFNDINNI

Tækifæri til að kynna samninginn

Lárus Blöndal, fulltrúi stjórnarandstöðunnar í Icesave-samninganefndinni, telur að með synjun forsetans gefist tækifæri á að kynna samninginn betur fyrir þjóðinni.

„Ég tel að það hafi vantað kynningu á samningnum og að þetta sé ágætis tækifæri til að kynna hann fyrir fólki. Þá getur það tekið upplýsta afstöðu sem snýr þá fyrst og fremst að því hvort eigi að semja eða ekki. Atkvæðagreiðslan mun ekki snúast um neitt annað því ég tel mjög litlar líkur á að við setjumst aftur að samningaborðinu. Þingið hefur heldur ekki talið okkur getað náð betri samningum og eftir stendur þá bara eitt – það er að láta reyna á greiðsluskýldu okkar.“

Lárus segir það hafa gleymst í umræðunni að miðað við útreikningana sem nú liggja fyrir séu Íslendingar nánast eingöngu að borga vexti. „Ef við töpum málinu fyrir dómstólum fáum við enga 2,64 prósentu vexti eins og nú. Bara vaxtamunurinn á gamla og nýja samningnum, úr 2,64 prósentum í 5,55 prósent, er 170 milljarðar. Það sýnir hvað málið er viðkvæmt. Við getum alveg gengið út frá því að Bretar og Hollendingar munu ekki sætta sig við vexti sem eru lægri en það. Þeir munu örugglega fara fram á hærri vexti.“

Lárus segir að þótt hann og Stefán Már Stefánsson lagaprófessor séu enn á þeirri skoðun að Íslendingar hafi ekki lagaskýldu fyrir kröfum Breta og Hollendinga sé ljóst að það séu margir sem séu ekki sama sinnis.

„Við höfum þetta áminningarbréf frá ESA sem endurspeglar allt aðra skoðanir og við getum ekki horft framhjá því,“ segir Lárus. „Það er ekki hægt að kalla þetta hræðsluáróður. Þetta er bara raunsæi og við verðum að skoða allt það sem er á borðinu fyrir framan okkur og leggja mat á það. Það er alveg ljóst, eins og með öll önnur dómsmál, að það getur brugðið til beggja vona.“

- kh



MÓTMÆLI Algjör óvissa ríkir um hvað gerist ef Íslendingar hafna Icesave-samningnum. Einhverjir mótmæltu samningnum fyrir utan Bessastaði í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í verri stöðu ef málið tapast fyrir dómi

Algjör óvissa ríkir um hvað gerist ef Íslendingar hafna Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Kostirnir við málaferli eru að lögfræðileg úrlausn fæst. Ókostirnir aftur á móti eru þeir að ef málið tapast er Ísland líklega í verri samningsstöðu.

FRÉTTASKÝRING

Hvað tekur við ef samkomulag um Icesave verður ekki staðfest?

Að framangreindu leiðir að kostirnir við að halda málaferlum til streitu eru helstir þeir að við það fæst lögfræðileg úrlausn sem hugsanlega hefði þau áhrif að íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða. Ókostirnir eru aftur á móti þeir að málið gæti tapast sem myndi að öllum líkindum setja Ísland í verri samningsstöðu en nú er fyrir hendi.

ÚR ÁLITSGERÐ UM DRÖG AÐ SAMKOMULAGI UM ICESAVE-REIKNINGA.

Í álitinu er jafnframt talið líklegt að Bretar og Hollendingar, og jafnvel aðrar þjóðir, muni halda uppi að minnsta kosti svipuðu andófi gegn Íslandi og íslensku hagsmunum og hingað til. Það hafi birst í andstöðu þeirra við lánveitingar og aðra fyrirgreiðslu, til dæmis hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Evrópska framkvæmdabankanum og fleiri aðilum. Óljóst sé hversu umfangsmiklar aðgerðirnar geta orðið eða hve lengi þær munu standa. Þetta gæti valdið Íslandi tjóni þótt ekki sé lagt mat á eðli eða umfang þess.

Í álitargerðinni segir að kostirnir við að halda málaferlum til streitu séu þeir að þá fáiast lögfræðileg úrlausn sem hugsanlega hefði þau áhrif að íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða. Ókostirnir séu aftur á móti þeir að málið gæti tapast sem myndi að öllum líkindum setja Ísland í verri samningsstöðu en nú og gæti leitt til óhagstæðari niðurstöðu. Dómsmálið gæti dregist á langinn með samsvarendi óvissu og tjóni fyrir alla aðila. Það geti einnig haft áhrif á vinsamleg samskipti við þjóðir sem eiga í hlut.

Stefán Már hefur ítrekað bent á að hann telji að Íslendingar geti unnið málið fyrir dómstólum. Óvissa fylgi því hins vegar að fara með málið þangað. „Það eru betri lögfræðingar en ég sem telja að við getum tapað málinu,“ segir hann. Stefán Már bendir þó einnig á að ákveðin óvissa fylgi núverandi Icesave-samningi – eitthvað sem hann hefði viljað vera laus við.

kristjan@frettabladid.is

Námskeið um réttindi lífeyrispega



24. febrúar – Árbæjarútibú, Kletthálsi

3. mars – Hornafjörður – Ekra, Víkurbraut

10. mars – Vesturbæjarútibú, Hagatorgi

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrispega hjá Tryggingastofnun.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Stefán Hilmarsson
Tónlistarmaður



ÞAÐ GETA ALLIR GEFID LÍF

Tökum höndum saman með LÍF styrktarfélagi ...

... og byggjum upp öfluga miðstöð fæðinga og kvenlækninga. Nánast hver einasta kona á landinu, og þar með hver fjölskylda, þarfnast þjónustu kvennadeildar LSH einhvern tímann á ævinni, hvort sem er í gleði vegna barnsfæðingar eða í sorg vegna fósturláts, barnsmíssis eða veikinda.

LÍF styrktarfélag hefur þann tilgang að styrkja kvennadeild LSH. Mikil þörf er á að nútímavæða starfseminu, bæta aðbúnað og endurinnrétta til að mæta þörfum kvenna sem þurfa að leita þangað. Þann **4. mars** næstkomandi efnum við því til landsöfnunar og verður henni sjónvarpað í beinni útsendingu í opinni dagskrá á **Stöð 2**. Gefum kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss nýtt líf.

Þú gefur Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is, kaupa bolinn eða gefa til söfnunarinnar föstudaginn **4. mars**.





SVEIFLAR ELDI Í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, sveiflaði þessi drengur eldi í hringi í tilefni af ári kanínunnar. Fyrsta fulla tungl ársins var í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

LÖGREGLUMÁL

Undir aldri á skemmtistað

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lokaði skemmtistað við Grensásveg í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Þar inni voru börn undir aldri, allt niður í 16 ára unglinga. Um 250 manns voru inni á staðnum þegar honum var lokað, fæstir þeirra höfðu áfengis-kaupaaldur.

Byrjað að afferma Goðafoss

Vel gengur að afferma Goðafoss sem er enn fastur í Oslóarfirði við Noreg. Forstjóri Eimskips hefur beðið Norðmenn afsökunar á strandinu. Til stendur að gera breytingar á firðinum til að koma í veg fyrir slys.

SIGLINGAMÁL Hafist var handa í gær við að afferma Goðafoss sem strandaði í Oslóarfirði á fimmtudag. Í gærmorgun var byrjað á því að flytja tvo gáma frá borði sem voru fullir af sprengiefni, en í gærkvöldi var búið að flytja um 20 gáma í allt. Um 200 gámar voru í fyrstu á dekki skipsins. Talið er að það gæti tekið nokkrar vikur að tæma Goðafoss.

Goðafoss verður dreginn af strandstað þegar búið verður að dæla olíunni úr skipinu og tæma gámana. Stærri gámaskip kemur inn fjörðinn í dag en það getur flutt fleiri gáma heldur en það skip sem flutti úr skipinu í gær.

Norska náttúruverndarstofnunin gerði rannsóknir á um 1.600 fuglum í firðinum, þar sem í ljós kom að um 50 af þeim höfðu komist í samband við olíu úr skipinu, að því er fram kemur á vef Aftenposten. Mikill ís er þar sem Goðafoss strandaði og hindrar það olíuna sem lekur úr skipinu að ná í land. Hún þykkar einnig í kuldanum,



STRANDAÐ VIÐ NOREG Goðafoss hefur setið fastur í Oslóarfirði síðan á fimmtudag. Ekki er vitað hvenær hafist verður handa við að draga skipið í burtu.

NORDICPHOTOS/AFP

sem gerir vinnu við hreinsun auðveldari. En kalt veður gerir það líka að verkum að fuglarnir þola síður snertingu við olíuna.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir að búið sé að ná um 40 tonnum af olíu úr sjónum, og ómögulegt

sé að segja til um heildarmagn fyrr en búið er að tæma skipið að fullu. Þó sé tjón af völdum olíunnar mun minna en stjórndendur fyrirtækisins þorðu að vona.

Norskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að til staði að gera breytingar á ströndinni til þess að reyna að koma í veg fyrir að óhöpp af þessu tagi gerist aftur. Þá verður sprengt grjót undir sjónum á nokkrum stöðum til að auka dýpið og breikka siglingaleiðina.

Forstjóri Eimskips, Gylfi Sigfússon, bað Norðmenn afsökunar á strandi skipsins á blaðamannafundi í Noregi í gær. Skipstjóri Goðafoss misreiknaði siglingastefnu, sem varð til þess að skipið festist í firðinum. Skipstjórinn hefur siglt þennan fjörð í 25 ár.

Ekki verður hafist handa við að meta fjárhagslegt tjón af völdum strandsins fyrr en búið er að tæma það, flytja og bjarga því sem bjargað verður. Það getur tekið nokkra mánuði. sunna@frettabladid.is



Enginn ráðherra sagt af sér eftir að hafa tapað dómsmáli

Ekki er hefð fyrir því að ráðherrar segi af sér þrátt fyrir að dómstólar hafi úrskurðað ákvarðanir þeirra ógildar. Ábyrgð ráðherra snýst fyrst og fremst um hvort um pólitíska eða lagalega ábyrgð sé að ræða.

FRÉTTASKÝRING

Hafa ráðherrar sagt af sér eftir að dómur hafi gengið gegn ákvörðunum þeirra?

Spjót hafa staðið á Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra eftir hæstaréttardóm sem gekk henni í mót á dögum. Þar var ákvörðun hennar um að samþykkja ekki þann hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar væntanlega Urriðafossvirkjun, ógilt. Ýmsir hafa kallað eftir afsögn Svandísar, en hún hefur sjálf neitað því að um sé að ræða áfellisdom yfir henni og hyggst sitja sem fastast á stóli. Sömuleiðis hefur forsætisráðherra lýst yfir stuðningi við Svandísi og telur málið ekki kalla á afsögn.

Nokkur dæmi eru um að dómur hafi gengið gegn ákvörðun ráðherra án þess að hafa orðið til þess

að viðkomandi hafi þurft að segja af sér embætti.

Til dæmis féll dómur í Hæstarétti árið 2005, gegn embættisfærslum Árna Magnússonar, þáverandi félagsmálaráðherra, eftir að hann vék Valgerði Bjarnadóttur úr embætti framkvæmdarstýru Jafnréttisstofu. Dómurinn taldi ráðherra hafa vanvirt meðalhófsreglu auk þess sem hann hafi með framferði sínu miðað að því að „komast hjá [því] að fylgja lögboðinni málsmeðferð“.

Ríkið var dæmt til greiðslu skaðabóta að upphæð sex milljónir króna, en Árni sat í ráðherrastóli fram á næsta ár þegar hann hætti í stjórn-málum af eigin hvötum.

Lögfræðingurinn Arnar Þór Stefánsson hefur kynnt sér þess konar mál og ritaði meðal annars grein í Úlfjót um ógildingu stjórnvaldsákvarðana. Hann segir enga

hefð fyrir afsögn ráðherra í þessum efnum.

Spurningin um ábyrgð ráðherra snýst fyrst og fremst um að greina á milli pólitískrar ábyrgðar og lagalegrar. Engu að síður er það líka matsatriði hvenær ráðherra hefur í raun farið svo á skjön við lög að hann beri skýra lagalega ábyrgð.

Trausti Fannar Valsson, lektor í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki sé óeðlilegt að ráðherrar reki mál fyrir dóm-

stólum til að leysa úr vafa á laga-túlkun.

„Stjórnvöldum er falið að framfylgja lögum, en í sumum málum getur komið upp vafi um túlkun. Að láta reyna á slíkt fyrir dómstólum er á engan hátt ómálefnalegt af hendi stjórnvalda. Í flestum tilfellum er hins vegar mjög fjarlægt að ráðherra beri lagalega ábyrgð á slíku, nema ef talið sé að ráðherra hafi ef til vill misbeitt valdi sínu með því að knýja á um einhverja meðferð máls fyrir dómstólum.“

thorgils@frettabladid.is

ÁRNI MAGNÚSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



FORSTJÓRI ÖSSURAR Danskí sjóðurinn William Demant mátti auka við hlut sinn í stoðtækjafyrirtækinu Össuri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutabréfakaupin í góðu lagi:

Eigandinn var innan marka

VIÐSKIPTI Danskí sjóðurinn William Demant er ekki skyldur til að leggja fram yfirtökutilboð í stoðtækjafyrirtækið Össur, samkvæmt upplýsingum úr Fjármálaeftirlitinu. Sjóðurinn jók við hlut sinn í Össuri í síðustu viku og nam eign hans eftir kaupin 39,6 prósentum. Yfirtökuskyldu var nýlega breytt. Hún miðast við 30 prósent hlutfjáreign í skráðu félagi og má sá sem á yfir eignamörkum ekki bæta við eign sína. Í athugasemdum við breytinguna er miðað við hlutfjáreign 1. apríl í hittifyrri. William Demant Holding átti þá 39,88 prósent í Össuri og voru viðskiptin því innan marka.

- jab



Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlausn í færsluhirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti.

Hjá Borgun ertu með allt á einum stað.

BORGUN

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



Forsetinn efnir til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eins manns mat

Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú þriðja sinni gengið gegn vilja lýðræðislega kjörins Alþingis og synjað lögum staðfestingar. Icesave-lögunum, sem meira en tveir þriðjuhlutar þingmanna studdu, taldi forseti nauðsynlegt að vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu, með rökum sem eru heimasíðuð á Bessastöðum.

Áður en núverandi forseti tók við embætti töldu margir fræðimenn, þar á meðal Ólafur Ragnar Grímsson stjórnmálafræðiprófessor, að 26. grein stjórnarskrárinnar væri dauður bókstafur; forseti myndi ekki ganga gegn vilja Alþingis. Sumir töldu þó að 26. greinin gæti verið „öryggisventill“, þannig að forsetinn gæti gripið inn í ef þingræðið væri beinlínis hætt að virka og lýðræðið í hættu. Þannig umgengst Ólafur Ragnar hins vegar ekki stjórnarskrárákvæðið, heldur virðist hann líta svo á að með því sé einum manni falið að leggja á það sitt persónulega mat, hvort mál eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki.

Þetta er hæpin túlkun þótt hún kunni að standast bókstaf stjórnarskrárinnar. Og það er hæpið að halda því fram, eins og forsetinn gerði í gær, að það hafi verið einhver þjóðarvilji er lýðveldi var stofnað 1944, að einn maður gæti ákveðið hvort þjóðin ætti að fá að taka beinan þátt í ákvörðunum um löggjöf. Þjóðinni var efst í huga að slíta sambandinu við Dani. Stjórnarskrána, sem smíðuð var með hraði, átti að endurskoða bráðlega. Það hefur enn ekki orðið.

Ef það á að verða reglan að forseti geti, samkvæmt sínu persónulega mati, ákveðið að ganga gegn vilja þingsins og vísa málum í þjóðaratkvæðagreiðslu, verða ríkisstjórn og Alþingi að vera undir það búin að fara í samningaviðræður við forsetann, áður en reynt verður að koma umdeildum málum í gegnum þingið. Þar með er hann orðinn pólitískur gerandi, en ekki það sameiningartákn sem fólk fannst einu sinni að forsetinn ætti að vera.

Ákvörðun forsetans gerir enn brýnna en áður að setja í stjórnarskrá og lög skýrar reglur um hvenær þjóðaratkvæðagreiðslur skuli fara fram, hverjir geti krafizt þess og hversu margir, hvernig undirskriftasafnanir fara fram og hvers konar mál geta farið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í flestum ríkjum, þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru algengar, yrði Icesave-málið til dæmis ekki talið vel til þess fallið að þjóðin greiddi um þá atkvæði.

Þó er varla við öðru að búast nú en að þjóðin komist að sömu, ábyrgu niðurstöðu og þingið. Áhættan af Icesave-samningnum er einhver. En niðurstaða í dómsmáli getur orðið íslenskum skattgreiðendum margfalt dýrari en samningurinn. Að þessu sinni eru kostirnir líkast til skýrir, ólíkt því sem var í atkvæðagreiðslunni um Icesave fyrir tæpu ári. Þá lá fyrir að viðsemjendurnir voru reiðubúnir að gera nýjan og hagstæðari samning. Að segja já við gamla samningnum var því í raun ekki valkostur. Nú er afar ósennilegt að nokkur vilji sé til að gera nýjan samning. Valið stendur um samninginn sem fyrir liggur eða dómsmál.

Dráttur á niðurstöðu í málinu skaðar íslenska hagsmuni enn frekar en orðið er. Þjóðaratkvæðagreiðslu á að halda sem fyrst. Í leiðinni má endurtaka kosningu til stjórnlagabings, sem fær það verkefni að setja skynsamlegar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hagstjórn Íslands og aðild að ESB

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólun þriðjudaginn 22. febrúar kl. 12–13.



Frummælandi
Arni Páll Arnason, efnahags- og viðskiptaráðherra



Allir velkomnir

xs.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spenna í Sjálfstæðisflokki

Forvitnileg staða er komin upp í Sjálfstæðisflokknum í kjölfar ákvörðunar forseta Íslands um að synja Icesave-lögunum staðfestingar og skjóta þeim þar með í þjóðaratkvæðagreiðslu. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, studdi Icesave-samninginn á þingi og fékk með þeirri ákvörðun háværan hluta flokksins, sem kenndur er við Davíð Oddsson, upp á móti sér. Þó að Bjarni og forystan í flokknum eigi sér klárlega fjölmarga stuðningsmenn í þessu máli þá er jafnframt ljóst að hinn hópurinn er stór.

Slagur í vændum

Vænta má að forysta Sjálfstæðisflokksins muni eftir sem áður mæla fyrir samþykkt Icesave-samningsins í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Jafnframt er viðbúið að andstæðingar samningsins innan flokksins muni beita sér af fullu afli gegn samþykkt. Það verður með öðrum orðum lítill friður innan flokksins á næstu vikum. Þá er allsendis óvíst hvort formaðurinn lendir standandi eða skaddaður.

Mikið undir hjá Steingrími

Bjarni Benediktsson er þó alls ekki

eini stjórnmálamaðurinn sem er í vanda í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Því hefur ítrekað verið lýst yfir að ólíklegt verði að teljast að Bretar og Hollendingar fái til að setjast aftur við samningaborðið hafni þjóðin fyrirleggjandi samningi. Fari svo blasir því dómsmál við. Þjóðin væri með þeirri ákvörðun því í raun að hafna alfarið þeirri samningaleið sem ríkisstjórnin hefur farið í málinu og Steingrímur J. Sigfússon hefur borið þungann og hitann af. Staða Steingríms og raunar stjórnarinnar allrar yrði því sennilega veikari en nokkru sinni fyrr segi þjóðin einfaldlega nei. magnusi@frettabladid.is



HALLDÓR



Hvernig líður þér í vinnunni?

Starfs-umhverfi



Ómar Sigurvin
meðstjórnandi í
Félagi almennra
lækna



Eyjólfur Þorkelsson
formaður Félags
almennra lækna

Nýverið var birt skýrsla um Starfsumhverfið Landspítala og hefur Landspítali lagt sig allan fram við að halda á lofti því litla sem jákvætt er í niðurstöðunum. Algjörlega hefur hinsvegar verið horft framhjá óánægju almennra lækna á Landspítala, sem þó er líkt og rauður þráður í gegnum alla skýrsluna.

Í umræddri könnun er vissulega jákvætt að almennir lækmar sýna umhyggju og fagmennsku í starfi. En framþróun og framgangur í starfi okkar er hverfandi og við áhrifalítill um ákvarðanir er snerta starfs svið okkar. Ögnvekjandi er hversu mörgum almennum læknum þykir Landspítali ekki aðlaðandi vinnustaður sem sést best á því að allt að 85% almennra lækna telja ólíklegt að þeir verði í vinnu þar að tveimur árum liðnum. Er þetta til viðbótar við þá 20% fækkun almennra lækna á LSH sem þegar hefur orðið á skömmum tíma.

Þegar lítið er nánar á líðan í starfi þá telja almennir lækmar sig leggja metnað í starf sitt en vinnudagurinn dugi ekki til þess að skila fullnægjandi starfi. Vinnuálag er allt of mikið og almennir lækmar eiga erfitt með að skilja að vinnu og frítíma og njóta þess síðarnefnda. Birtist þetta m.a. í því að allt að 75% almennra lækna sýna streitueinkenni, 90% þreytueinkenni,

Nú þegar sjá allir sem sjá vilja að læknaflótti er brostinn á á Íslandi

50% þjást af andlegri vanlíðan og 60% með líkamleg álagseinkenni. Einnig hafa 20–35% almennra lækna orðið fyrir niðurlægjandi framkomu, hótunum eða ofbeldi af hálfu yfirmanns eða starfsmanns á síðustu 12 mánuðum.

Nú þegar sjá allir sem sjá vilja að læknaflótti er brostinn á á Íslandi, sérstaklega meðal almennra lækna og yngri sérfræðinga. Nú þegar gengur skelfilega að ráða nýja sérfræðilækna á Landspítala. Heldur einhver að það muni ganga betur þegar 85% almennra lækna hefja sitt sérnám brenndir af vinnuálagi og skilningsleysi á Landspítala?

Einkunnarorð og stefna Landspítala eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun og þetta sýna almennir lækmar í sínu starfi og gagnvart sjúklingum þeim er við sinnum.

Er til of mikils mælt að vinnuveitandi okkar sýni okkur hið sama?

Hengiflugið eða vegurinn



Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Og þá er maður sem sagt kominn með löggjafarvald. Áfram hefur maður samt þessa óþægilegu tilfinningu um að vera á fleygiferð í einhverja átt á stjórnlausum farkosti. Ef við beygjum til hægri bíður hengiflugið. Nei annars, ef við beygjum til hægri finnum við aftur veginn.

Eða var það vinstri?
Við sjáum ekkert út um gluggann.

Spunaverkið Ísland

Áfram hefur maður þessa óþægilegu tilfinningu um að Ísland sé spunnið áfram með dyntum og klækjum. Áfram heldur Ólafur Ragnar Grímsson að spinna áfram stjórnskipun landsins eftir því sem honum virðist hverju sinni að þetta eigi að vera. Það er kannski gaman – engin lognmolla – en samt þínulítið óþægileg þessi nagandi tilfinning um að fulltrúalýðræðið – þingræðið sem við höfum haft hér – sé í hættu.

Fulltrúalýðræði höfum við nefnilega meðal annars til þess að hægt sé að taka ákvarðanir sem við viljum sjálf ekki beinlínis taka en vitum að þarf að taka.

Þegar forsetinn var spurður út í það á Bessastöðum í gær hvernig hann réttlætti það að

synja staðfestingar lögum sem sjötiú prósent þingmanna höfðu samþykkt – höfðu á bak við sig eindreginn þingvilja – þá svaraði hann með því að vísa til vilja minnihluta þingsins í öðru máli, sem var hvort vísa ætti málinu til þjóðaratkvæðis. Það svar var einkennilega út í hött.

Forsetinn gat þess hins vegar að í þessu tiltekna máli hefði verið virkjað „tvískipt löggjafarvald“ sem maður hefur aldrei heyrt um áður. Þjóðin kaus um allt annan samning sama máls, og ekki hefur verið kosið nýtt þing síðan, og þar með segir forsetinn löggjafarvaldið vera orðið tvískipt.

Jamm. Þá er bara að reyna að rýna út um gluggann og mynda sér skoðun á því hvorum megin vegurinn sé – og hvorum megin hengiflugið.

Gluggabréfið ógurlega

Icesave-málið snýst um ábyrgð. Og væri auðveldara viðfangs ef þjóðin skynjaði að sjálfir hinir gömlu eigendur Landsbankans fengju að axla sína ábyrgð á þessu máli.

En málið snýst samt líka um ábyrgð þjóðarbúsins á því að hafa látið undir höfuð leggjast að koma á fót nægilega sterkum innistæðutryggingasjóði til að inna af hendi þá lágmarkstryggingargreiðslu sem bar að gera við fall banka samkvæmt samningum undirrituðum af fulltrúum okkar. Það snýst líka um það að standa við skuldbindingar sem viðurkenndar hafa verið af fulltrúum Íslendinga frá tíð ríkisstjórnar Geirs Haarde. Það snýst líka um áreiðanleika

í alþjóðlegum samskiptum. Og það snýst kannski ekki síst um hugsanlegar afleiðingar þess að þjóðin hafni þessum samningum – hvort þá blasir við hengiflugið: að íslenska þjóðarbúið verði dæmt til að borga allar innistæður Icesave-samninganna, ekki bara lágmarkið. Og þá erum við farin að tala um alvöru upphæðir.

Þjóðarbúið er eins og heimili og Icesave er eins og ískygglegt gluggabréf. Við vitum að það er bara hægt að gera tvennt við gluggabréf: að borga eða

þær aftur og aftur. Til varð einhver óraunveruleiki. Sumir voru afar hrifnir og fóru jafnvel í nálægar sóknir til að halda þar ræður um það hvernig strákarnir okkar bæru af öðrum. Við fylgdumst með þessu, hin börnin, það voru oft veislur, sum okkar tóku þátt, önnur ekki, sum fengu sér pallbíla og gljájeppa, önnur ekki.

Þetta var óraunveruleiki og svo kom veruleikinn og þeir beint á hausinn. Þá kom á daginn að þeir höfðu tekið stórkostleg lán í nafni heimilisins

Áfram hefur maður þessa óþægilegu tilfinningu um að Ísland sé spunnið áfram með dyntum og klækjum.

fara og reyna að semja. Það er ekki hægt að halda atkvæðagreiðslu um það í fjölskyldunni að láta það hverfa...

Um hríð höfðum við foreldra sem voru ansi hressir. Þeir gáfu nokkrum af strákunum úr barnahópnum eignir fjölskyldunnar og sögðu: Þið hérna eigið fiskinn í sjónum, og þið hérna eigið þennan banka og þú – Björgi minn – mátt eiga þennan banka, við vitum að þegar þið eigið þetta sjálfir munið þið fara miklu betur með eignina en ef allir ættu þetta saman, það væri bara fé án hirðis.

Strákarnir sem fengu gefins eignir fjölskyldunnar veðsettu

og heimilið var í ábyrgð. Og það var enginn óraunveruleiki. Var þá allt okkur að kenna? Nei. Var allt á okkar ábyrgð og ekki annarra? Nei. Var þetta kannski ekkert okkar mál? Jú, því miður; þetta var ekki síst okkar mál.

En sem sagt. nú er maður kominn með löggjafarvald. Mér finnst að við ættum að fá öll kaup fyrir það. Nógu mikil byrði er það. Þegar maður hefur einu sinni sannfært sig um að hann eigi ekki að borga eitthvað er erfitt að sannfæra hann um annað. Nema hann viti að hengiflugið bíður ef hann beygir í vitlausa átt.

„...er þegar af þessum ástæðum ekkert í kröfugerð málsaðila sem lýtur að viðurkenningu á ætluðum rétti varnaraðila til greiðslu úr hendi sóknaraðila vegna liðins tíma.“

Úr úrskurði Hæstaréttar.
14. febrúar 2011 – nr. 603/2010

Kæri ráðherra, Árni Páll Árnason:

„Hvort ertu talsmaður almennings eða fjármálafyrirtækja?“

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar er sýnt fram á að stjórnarskrárvarinn réttur almennings er brotinn með nýsamþykktum lögum nr. 151/2010. **Hvað ætlar þú að gera í því?**

Við hvetjum þig og aðra áhugasama til að mæta á Kaffisþjall XO í Iðnó kl. 20:00 í kvöld, 21. febrúar þar sem farið verður yfir umræddan úrskurð.

Samtök Lánþega
Í krafti fjöldans getum við allt

XO ...flokkur fólksins

FORSÍÐA VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MEIRI GLAMÚR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. **VÍSIR.IS**

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

AF NETINU

Málstaðurinn er „Ég“

Ég tilheyrir þjóð Ólafs Ragnars. Nú hafa tugir þúsunda þjóðarinnar ákallað Ólaf í þeirri bæn að hann stöðvi gildistöku nýrra Icesavelaga. Við eigum ekki að borga fyrir misheppnað peningabráll einkafyrirtækis er sagt. Samt hefur enginn þessara mótmælenda fundið neitt því til foráttu að almenningur borgi upp í topp íslenskum viðskiptavinum Landsbankans, sem sumir voru blekktir og sumir blindaðir af græðgi. Nei, málið er að við eigum ekki að borga fyrir svik okkar manna gagnvart útlendingum, þó við bætum að sjálfsögðu svik sömu manna gagnvart okkar fólki upp í topp. Málstaðurinn er „Ég“.

Icesave var svikamylla. Tombóla bíræfinna stráka sem ekki hikuðu að taka við peningum venjulegs fólks og góðgerðafyrirtækja til eigin brúks og vissu að þeir gætu ekki staðið við sín orð. Þeir söfnuðu peningum frá gömlu fólki fyrir málstaðinn „Ég“. Um það er aldrei rætt á Íslandi hvaða afleiðingar svona framferði eigi að hafa. Nú safna Íslendingar undirskriftum fyrir sama málstað, „Ég“, „Við Íslendingar“. Ólíklegustu menn koma í bljúgri bæn til Bessastaða knúðir af hinum mikla málstað. Þessu til undirbúnings kom Ólafur Ragnar fram í sjónvarpinu. Vinalaus spinnur forsetinn að vana vef eigin mannkosta og málar með orðum myndir af mikilfenglegri þjóð, sem stundar viðskipti eins og þeir bestu í heiminum og býr að sterkari lýðræðishefð en nokkrir aðrir. Mér líður illa að horfa á þetta.

[...] Þjóð sem gerir það að lífskalli sínu að afneita kröfum án þess að íhuga málið frá annarri hlið en eigin buddu og fyllost í raun stolti yfir bíræfnum strákum sem svíkja fé af saklausum vegfarendum hefur sjálf dæmt sig til útleigðar í eigin landi, eigin glæpanýlendu. Ekkert efnahagshrun gerir landið jafn óbyggilegt og siðferði Ég-málstaðarins getur gert.

hjabeck.blogspot.com
Hans Jakob Beck



0 kr. úr heimasíma í heimasíma og fullt af mínútum í farsíma

Þú færð meira, meira eða miklu meira í Vodafone Gull.

Skráðu þig í 1414 strax í dag

power to you

vodafone.is

Hvaða framandi lífverur eru umhverfisvandamál á Íslandi?

Náttúruvernd

Sautján manna hópur skógræðinga og annarra fræðimanna

skrifa um skógrækt og náttúruverndarlög

Hópur fjórtán vistfræðinga mundar stílvopnið í grein í Fréttablaðinu þann 20. janúar síðastliðinn, undir yfirskriftinni „Ágengar framandi lífverur eru umhverfisvandamál“. Með tilvísun í alþjóðasamninga, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, telja vistfræðingarnir sig hafa í höndunum þá heilögu ritningu sem þeim sé best treystandi til að skrifa ritningarskýringar við. Samningur sá feli í sér afsal á fullveldi þjóðríkisins og skuldbindi íslensku þjóðina í reynd til að vernda það sem við öllum okkar blasir: (1) líffræðilega fábreytni, (2) nær algjört skógleysi, (3) gríðarlegt jarðvegsrof, (4) víðáttumiklar manngerðar auðnir, (5) einsleit og rýr beitolönd. Tæplega er það þetta sem upphafsmenn umrædds alþjóðasamnings höfðu í hyggju að helst bæri að vernda á hnatt-ræna vísu, eða hvað? Inngangskafli og megingreinar samningsins segja allt annað. Eða eru vegir Guðs svona órannsakanlegir og ófyrirsjáanlegir? Eða þurfum við betri ritningarskýringar?

Vistfræðingarnir 14 beina spjótum sínum sérstaklega að „talsmönnum garðyrkju og skógræktar“ og ýja að því að þessum fulltrúum ræktunarfélks sé mjög áfram um að hingað berist og taki sér bólfestu hvers kyns ófögnuður á borð við spánarsnigil, mink og skógarkerfil. Því er fljót svar: Hér er á ferðinni alvarlegur misskilningur eða það sem verra er – vísvitandi útúrsnúningur. Þótt ræktunarfólk álíti að íslensk, manngerð þurrlendisvistkerfi megi alveg við aukinni tegundafjölbreytni og framleiðni, er sama fólk vandfýsið á nýbúa í lífríkinu. Ræktunarfólk vill fremur að takmörkuðum kröftum og fjármunum sé varið í aðgerðir gegn þeim lífverum sem líklegar eru til að valda tilfinnanlegu og mælanlegu tjóni,

hugsanlega á tegundafjölbreytni landsins (sem er fremur ólíklegt), en þó aðallega þeim skaða sem þær geta valdið á ræktunarstarf landsmanna og á heilsu fólks.

Það er út í hött að drótta því að skógræktar- og garðyrkju-fólki að það vilji engar hömlur hafa á innflutningi lífvera með því að leggjast gegn umræddu frumvarpi. Fáum er meir í mun að hingað berist ekki til lands óværa, sjúkdómar eða leiðinda-plöntur en ræktunarfólki. Það er best gert með raunhæfum sértækum vörnum gegn þekktum sjúkdómum og plágum, en fordómar og bannhyggja gegn framandleika almennt með skírskotun til landfræðilegs uppruna tegunda skilar engum árangri og er fáránleg. Athyglisvert er að á lista yfir hættulegar ágengar tegundir hér á landi sem sendur hefur verið skrifstofu sáttmálans um líffjölbreytni án samráðs við nokkra ábyrga aðila eru allar helstu innfluttar tegundir sem nú eru notaðar í skógrækt og þar að auki lágvaxin, saklaus en nytsöm belgjurt – mariuskór – sem ekki er nú þekkt fyrir frekju né líkleg til stórræða í tegundaútrýmingu. Sá listi er ekki í neinum tengslum við raunverulega ágengni tegunda en uppljóstrar e.t.v. um markmið þeirra sem vilja almennt bann á allar innfluttar tegundir.

Sannleikurinn er nefnilega sá að frumvarpið til breytinga á nokkrum völdum köflum náttúruverndarlaga, sem sumir fjórtánmenninganna áttu þátt í að semja, breyta alls engu um hættuna á innflutningi skaðlegra lífvera. Spánarsnigillinn barst hingað með innfluttu grænmeti eða öðrum varningi, en frumvarpið nýja felur ekki í sér hert og aukið eftirlit með slíkum innflutningi. Innflutningur minks eða annarra loðdýra og annars búfjár fellur undir lög um búfjárhald (2002/nr. 103) og er beinlínis undanþeginn bannákvæðum í frumvarpinu. Skógarkerfillinn barst að öllum líkindum með sáðgresisfræi til túnræktar og gerir eflaust enn með reglulegu millibili eins og þistlar og fleiri tegundir sem hingað berast með

Fáum er meir í mun að hingað berist ekki til lands óværa, sjúkdómar eða leiðindaplöntur en ræktunarfólki.

Þessum hætti. Í frumvarpsdrögnum er sérstaklega kveðið á um að undanþágulisti frá lögnum verði settur með reglugerð og líklegt er að þar verði helstu tegundir innfluttra tüngrasa. Frumvarpið, verði það að lögum, mun því engu breyta um innflutnings-tækifæri þeirra tegunda óværu, illgresis og rándýra hverra landnám ætti helst að halda vöku fyrir fjórtánmenningunum og e.t.v. fleiri landsmönnum.

Önnur grein um sama efni biður birtingar.

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skóg- og erfðafræðingur, formaður Skógræðingafélags Íslands; Dr. Þröstur Eysteinnsson, sviðstjóri þjóðskóganna, Skógrækt ríkisins, (SR); Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands (G.Í); Dr. Alexander Robertson, skógræðingur, prófessor emeritus; Barbara Stanzeit, líffræðingur, fræmestari G.Í; Björn B. Jónsson, skógræðingur; framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda (LSE); Brynjólfur Jónsson, skógræðingur; framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands (SÍ); Dr. Dóra Lúðvíksdóttir, lækni; Edda Björnsdóttir, formaður LSE; Einar Gunnarsson, skógræðingur, SÍ; Guðríoður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur, varaformaður GÍ; Jón Loftsson, skógræðingur, skógræktarstjóri, SR; Magnús Gunnarsson, viðskiptafræðingur, formaður SÍ; Ragnhildur Freysteinsdóttir, umhverfisfræðingur, SÍ; Sigríður Hjartar, lyfja- og sagnfræðingur, fv. formaður GÍ; Valborg Einarsdóttir, garðyrkjufræðingur, framkvæmdastjóri, GÍ; Dr. Ragnar Árnason, prófessor við Hagfræðideild HÍ.

Vanþekking og vanvirðing á hlutverki skólastjórna

Skólamála

Svanhildur María Ólafsdóttir

skólastjóri Korpuskóla, form. Skólastjórufélags Íslands



Það er alveg ótrúleg vanþekking og vanvirðing á hlutverki og starfi skólastjórna í Reykjavík sem formaður borgarstjórnar Dagur B. Eggertsson setur fram í fréttum sjónvarps fimmtudaginn 10. febrúar 2011. Hann teflir því fram að til þess að þurfa ekki að skera niður lögbundna þjónustu við nemendur þá þurfi að skera niður í yfirstjórn leik- og grunnskóla í borginni með sameiningu skóla.

Hann segir einnig orðrétt „að sparnaður í yfirstjórn, sem fáiast með sameiningu skólanna, eigi ekki að bitna á börnunum“. Þær hugmyndir og tillögur sem nú liggja á borðinu og ganga lengst með sameiningu og samrekstri leik- og grunnskóla í borginni munu bitna á börnum og foreldrum þeirra þegar t.d. er búið að setja saman stórar rekstareiningar grunnskóla með 2-3 starfstöðum og um 800 nemendum. Hvað verður um faglega uppbyggingu og sérstöðu skólasamfélagsins í slíkri stofnun, samstarf við foreldra, nám við hæfi hvers og eins nemanda, skóla án aðgreiningar

Þær hugmyndir og tillögur sem nú liggja á borðinu og ganga lengst með sameiningu og samrekstri leik- og grunnskóla í borginni munu bitna á börnum og foreldrum þeirra

sem Reykjavíkurborg hefur á stefnuskrá sinni?

Skólastjórnenndur í Reykjavíkurborg hafa í síðastliðin tvö ár náð fram ótrúlegum sparnaði og hagræðingu í rekstri skólanna og eru enn að vinna í þeim málum í samstarfi við sína yfirmenn þrátt fyrir að á sama tíma séu lagðar fram hugmyndir og tillögur um að störf þeirra séu lögð niður og þau einskis metin. Þeir taka meira segja þátt í því að rýna til gagns í þessar hugmyndir og koma með tillögur um margs konar hagræðingu og sparnað til að vernda þroska, líðan og lögbundna menntun nemenda í þessari borg. Verður tekið mið af tillögum skólastjórna og varnaðarorðum?

Í dag eru kannanir um líðan og einelti meðal nemenda, viðhorf foreldra, nám nemenda s.s. lestrarskimanir, talnalykil, samræmd próf, Pisa o.fl. að sýna að við erum að ná árangri miðað við það starf sem við erum að vinna að í dag? Hvers vegna skyldi það vera?

Hverjir eru faglegir leiðtogar í því starfi?

Til upplýsingar fyrir formann borgarstjórnar, borgarstjóra og aðra borgarfulltrúa þá er hlutverk skólastjórna meðal annars að:

- vera faglegir leiðtogar sem móta skólamenningu, stefnu og framtíðarsýn í samstarfi við starfsmenn, nemendur og foreldra
- bera ábyrgð á þroska, líðan og námi nemenda
- bera ábyrgð á gæðum skólastarfsins
- bera ábyrgð á starfsþróun starfsmanna
- bera ábyrgð á að fylgja lögum og reglugerðum
- bera ábyrgð á að upplýsa foreldra um þroska, líðan og nám barna þeirra
- að reka samfélag starfsmanna, nemenda og foreldra

Það er eitt sem gleymdist í þessari upptalningu en það er að vera til staðar fyrir nemendum, starfsmenn og foreldra en ekki í talhólfu eða tölvupósti.

Staðan í Reykjavík

Skólamál

Stefán Benediktsson

menntaráðsfulltrúi fyrir Samfylkinguna



Í Reykjavík eru 34 frístundaheimili fyrir börn 6-9 ára. Þau starfa víðast hvar í skólunum og starf þeirra hefst þegar stundarskrá barnanna lýkur. Í starfsemi þeirra er gert ráð fyrir 2.600 heilsdagsplássum. Sérmenntuðu starfsfólki á frístundaheimilum fer fjölgaandi og með aukinni samþættingu frístunda- og skólastarfs mun heilsdagsstörfum fjölga.

Langflestir leikskólar í Reykjavík eru fjögurra deilda eða minni og með færri en 80 börn, nokkrir eru með fleiri en 100 börn og einn með fleiri en 130 börn. Stjórnendur í leikskólum eru allir vel menntaðir og margir með leik- og grunnskólakennaramenntun. Sex leikskólar hafa þegar verið sameinaðir í tvo fimm deilda og einn sex deilda. Vegna barnasprengju vantar á næsta skólaári 450 leikskólapláss og um 100 nýja leikskólakennara.

Langflestir grunnskólar í Reykjavík (2/3) eru með fjögurhundruð börn eða færri. Aðeins þrettán skólar eru með fleiri en fjögurhundruð börn og aðeins einn með fleiri en sjöhundruð börn. Hlutfall starfsfólks með kennaramenntun hefur aukist á síðustu árum. Síminnkandi skólar ógna aftur á móti markmiðum um jafnrétti barna til náms. Engir grunnskólar hafa verið sameinaðir en Dalskóli er leik- og grunnskóli þar sem frístundastarf er samþætt leik og fræðslu með góðum árangri.

Grunnskólanemendum fækkar. Síðan 2004 hefur nemendum fækkað úr 15.500 í 13.900 (-11%). Á sama tíma hefur húsnæði grunnskóla stækkað úr 175 þús. fm í 200 þús. fm (+14%). Í stað þess að minnka um 20 þús. fm stækkaði það um 25 þús. fm. Í stað þess að húsnæðis-kostnaður lækkaði um -8% hækkaði hann um +30%.

Fækkun nemenda og framúrkeyrsla vegna harkalegs niðurskurðar síðustu tvö ár gerir grunnskólum nær ómögulegt að mæta sparnaðaráformum næsta skólaárs.

Vegna barnasprengju vantar á næsta skólaári 450 leikskólapláss og um 100 nýja leikskólakennara.

- Samantekt:
1. Hægt er að samþætta frístundastarf, leik og fræðslu sbr. Dalskóla.
 2. Skólastjóri getur stjórnað grunnskóla með meira en 700 börnum, án þess að faglegum metnaði eða farsæld barna sé fórnað.
 3. Leikskólastjóri getur stjórnað leikskóla með meira en 130 börnum, án þess að faglegum metnaði eða farsæld barna sé fórnað.
 4. Það vantar pláss fyrir 450 börn og 100 leikskólakennara næsta skólaár.
 5. Það þarf að losna við rekstur á um 45 þús. fm af húsnæði í grunnskólum.
- Það væri mikill ábyrgðarhlutur gagnvart börnum og útsvarsgreiðendum að skoða þessi mál ekki sem heild og kanna að hve miklu leyti sameiningar skóla eða leikskóla geta leyst þann vanda sem hér er lýst.
- Enginn efast um fjárhagslegan ávinning af því að losna við rekstur á 45 þús.fm húsnæði og/eða að spara sér byggingu á fjórum leikskólum með því að nýta þetta húsnæði fyrir leikskólabörn. Eins sjá allir að fjárhagslegur ávinningur er af fjölgun nemenda í rekstrareiningu, þar sem fjárveitingar stjórnað af nemendafjölda.
- Faglegur ávinningur af stækkun leikskóla úr 60 nemenda skóla í 100-120 nemenda skóla eða 300 nemenda grunnskóla í 600-700 nemenda skóla og samþættingu frístunda og fræðslustarfs, ætti líka að vera augljós. Fjölgun nemenda þýðir meiri peninga til skólastarfs, þar með fleiri starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn, sem þýðir aukinn faglegan mannauð og aukna möguleika á fjölbreyttu fræðsluframboði.
- Skólar í Reykjavík væru ekki það sem þeir eru í dag ef skólayfirvöld borgarinnar hefðu ekki ávallt haft faglegan metnað að leiðarljósi. Hversvegna ætti það allt í einu að breytast?

REGENOVEX

NÝTT

Gel

Perlur

Plástur

Regenovex hentar öllum sem leita að bættri heilsu í liðum en kjósa náttúrulegar lausnir fram yfir lyf m.a. vegna mögulegra aukaverkana þeirra.

Hreyfing á að veita unað ekki sársauka

Fann mun eftir einn mánuð

„Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og stundað fjallgöngur undanfarin ár. Um mitt síðasta sumar fór ég að finna fyrir miklum verkjum í hnjám og gat ekki stundað göngur eða íþróttir eftir það. Eftir nokkra mánuði þegar ég hafði náð litlum bata var mér bent á að prófa Regenovex vörurnar. Eftir einungis u.þ.b. mánaðar notkun fór ég strax að finna mun á mér og gat farið að stunda hlaup og fjallgöngur á ný. Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex, það er vel þess virði ef maður getur byrjað að hreyfa sig á ný.“

Einar Már Aðalsteinsson, 44 ára

Kynntu þér málið á [regenovex.is](#)

Fæst í apótekum

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

vib



Skattaskil á mannamáli

Opinn fræðslufundur VÍB um helstu breytingar á skattkerfinu 23. febrúar kl. 16.30

Á næsta miðvikudagsfundi munu Vala Valtýsdóttir, yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte og Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, fara yfir það sem huga þarf að nú þegar líður að skattskilum.

Fundurinn verður í VÍB stofunni á 5. hæð á Kirkjusandi og er ókeypis og öllum opin.

Skráning í síma 440 4900 og á [www.vib.is](#).

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | [vib@vib.is](#) | [www.vib.is](#)

HVITA HÚSDÍS/SA 11-0402



72

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON, fyrrverandi sendiherra, er 72 ára í dag „Frelsið er æðsta gildið því að án þess glata önnur gildi merkingu sinni.“

Wikipedia skoðuð eftir áratug

Salvör Gissurardóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, flytur erindi í málstofu aðalbyggingar Kennaraháskólans við Háteigsveg í hádeginu á morgun, á vegum Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun.

Erindið er um þekkingarsköpun og samvinnuskrif í alfræðiritinu Wikipedia í myndefni, textum og tenglum. Fjallað verður um þróun Wikipedia á þeim áratug sem liðinn er frá því að vefurinn var stofnaður 15. janúar 2001. Wikipedia verður skoðuð út frá menningar- og sögulegri starfsemi-kenningu. Skoðuð verður þróun og samspil Wikipedia og samfélags þeirra sem leggja inn efni, verkfæra og reglna.

Fyrirlesturinn hefst



SKOÐAR WIKIPEDIU Salvör Gissurardóttir verður með hádegisfyrirlestur í Kennaraháskólanum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

klukkan 12 á hádegis og stendur í klukkustund.

Uppskeruhátíð tónlistarskóla

Tónlistarskóli Árnesinga verður með Valtónleika vegna Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskólanna, í dag klukkan 18 í sal skólans að Eyravegi 9 á Selfossi. Á þessum tónleikum verða valin atriði til þátttöku á svæðisbundnum hluta hátíðarinnar.

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

Uppskeruhátíð tónlistarskólanna fer fram í þrem hlutum, það er innan hvers skóla, á svæðisbundnum tónleikum 12. mars og loks á lokatónleikum Nótunnar laugardaginn 26. mars í Langholtskirkju í Reykjavík.



NÓTAN UPPSKERUHÁTÍÐ Valtónleikar í Tónlistarskóla Árnesinga klukkan 18 í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Sigurður Sverrir Einarsson

Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 11. febrúar, verður jarðsúnginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

Sigurður Júlíus Sigurðsson
Helga Ellen Sigurðardóttir
Ólafía Þórey Sigurðardóttir
Ásta Rut Sigurðardóttir
Pálína Hildur Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Marta V. Svavarsdóttir
Benjamín Guðmundsson
Hallgrímur I. Guðmundsson
Þórhallur Sveinsson
Rafnkell Jónsson

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Tilkynningar um merkasatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

PETTA GERÐIST: 21. FEBRÚAR 1945

Dettifossi sökkt af þýskum kaþbáti

Dettifossi, skipi Eimskipafélags Íslands, var grandað af þýskum kaþbáti norður af Írlandi 21. febrúar 1945. Þrjátíu manns var bjargað en fimmtán fórust.

Þó að styrjöldinni hafi verið að ljúka um þetta leyti voru enn einhverjir kaþbátar á sveimi um Atlantshafið. Því var varinn hafður á þegar Dettifossi lagði úr höfn í Belfast á Írlandi til Íslands. Skipið slóst í för með skipalest sem var í fylgd herskipa.

Kaþbátur skaut tundurskeyti að Dettifossi 21.

febrúar klukkan 8.29 skaut og tók skipið þegar að sökkva. Um borð voru 45 manns, þar af 15 farþegar og flestir í koju. Lítið ráðrúm gafst til að athafna sig en skipið sökk hratt, á fimm til sjö mínútum. Einn björgunarbátur komst á flöt og tveir flekar. Illt var í sjóinn og ekki náðist til allra sem sáust á sundi. Klukkustund leið áður en björgunarskipið Fusilier kom á staðinn og bjargaði þeim sem komust í björgunarbátinn. Skipstjóri á Dettifossi var Jónas Böðvarsson.

Heimild: Ísland í aldanna rás.



SIGLINGAFÉLAGIÐ BROKEY: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRUM

Starfið á fljúgandi siglingu

Siglingafélagið Brokey hefur verið starfrækt í 40 ár. Kristján S. Sigurgeirsson formaður segir starfið hafa sótt í sig veðrið.

„Við erum á fljúgandi siglingu. Bæði félögum og keppendum hefur fjölgað hjá okkur og við þökkum það fyrst og fremst þjálfurunum okkar,“ segir Kristján en Brokey er eina siglingafélag landsins með sérmenntaða siglingaþjálfara. „Brokey er íþróttafélag og fyrir þremur árum sendum við tvo félagsmenn til Bretlands í United Kingdom Sailing Academy. Árangurinn lét ekki á sér standa en á þessu ári voru meðal annars strákur og stelpa úr kænudeild Brokeyjar valin siglingamaður og siglingakona ársins af Siglingasambandinu. Þau eru einnig íslandsmeistarar í tveimur flokkum og við erum mjög stolt af því. Foreldrar hafa einnig tekið virkan þátt í starfi félagsins og hér vinnur fjöldi manns óeingingjarnt starf í sjálfböðavinnu.“

Starf félagsins skiptist í tvær deildir, kænudeild og kjölbátadeild. Kænudeildin er til húsa við Nauthólsvík og þar fara fram siglinganámskeið og æfingar fyrir krakka og unglinga á aldrinum 10 til 16 ára. Kjölbátadeildin hefur aðstöðu á Ingólfsgarði og þar fara fram æfingakeppnir á þriðjudögum yfir sumarmánuðina. Félagið stendur einnig fyrir fjölda móta.

„Í kjölbátadeildinni eru eldri félagsmenn. Þriðjudagskeppnin er elsta og lengsta siglingakeppni á landinu en við keppum á hverjum þriðjudegi allt sumarið og verðlaun veitt í lok sumars. Þriðjudagskeppnin er límingin í starfi félagsins en alls eru þetta 20 keppnir, 7 til 8 skútur sem keppa í hvert sinn og hátt í 30 til 45 manns,“ útskýrir Kristján og segir oft glatt á hjalla eftir keppnir. „Menn metast um árangurinn þegar komið er í land og oft munar bara nokkrum sekúndum milli skúta. Þetta geta verið mjög spennandi keppnir.“

Brokey hefur aðstöðu á þremur stöðum í bænum. Við Nauthólsvík, á Ingólfsgarði við Reykjavíkurhöfn og í Gufunesi. Kristján segir aðstöðuna þurfa að bæta í takt við aukna ásókn í félagið.



LÍFLEGT OG SKEMMTILEGT STARF Kristján S. Sigurgeirsson er formaður Siglingafélagsins Brokey en félagið var stofnað þennan dag árið 1971.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Byggingaframkvæmdirnar við Hörpu hafa þrengt að okkur en Ingólfsgarðurinn er þó besti staðurinn til að vera á. Við erum að vona að á 40 ára afmælinu fáum við að byggja betri aðstöðu en tillagan bíður afgreiðslu

hjá borgarskipulagi. Húsnæðið í Nauthólsvík hefur verið lagfært og við erum þökkalega ánægð þar.“ Spurður um hátíðahöld í tilefni 40 ára afmælisins segir Kristján að haldið verði upp á það í sumar.

heida@frettabladid.is

Aðlögun flóttabarna á Íslandi

Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu flóttabarna hérlendis verða kynntar í húsnæði Odda á morgun.

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi og Phd. nemi í Human Geography í University of Reading, og Helena N. Wolimbwa, félagsráðgjafi í Þjónustumiðstöð Vesturgarðs, gerðu rannsóknina. Markmið hennar var að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarna frá þeirra eigin sjónarhorni.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.10 í stofu 201 í Odda. Það er Málstofa Félagsráðgjafardeildar og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd sem stendur að fyrirlestrinum.

- jma



AÐLÖGUN FLÓTTABARNA Margir þættir skipta máli við aðlögun flóttabarna að íslensku samfélagi, þar á meðal færni í tungumálinu og viðhorf samfélagsins.



IkeaHackers.net er vefsíða sem sýnir hvernig endurnýta og breyta megi klassískum IKEA húsgögnum. Á síðunni má sjá myndir sem fólk alls staðar að sendir inn.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

ÞALLT

Þórdís Þorleifsdóttir býr til kerti með áprentuðum myndum sem rjúka út eins og heitar lummur

Kertin sem spurðust út

Þetta gerðist eiginlega bara óvart. Ég bjó til nokkur kerti fyrir sjálfa mig fyrir jólin sem ég skreytti í jólabema. Vinkonur mínar voru hrifnar af þessu svo ég bjó til nokkur handa þeim og svo fóru vinkonur vinkvenna minna að fá áhuga og þannig gekk þetta koll af kolli," segir Þórdís Þorleifsdóttir sminka sem vakið hefur mikla athygli fyrir kerti sem hún prentar helgi-myndir á og selur á facebook-síðu sinni my stuff-þórdís þorleifs.

„Fram undan eru fermingar þannig að ég er aðeins farin á stúfana með að útbúa kerti sem passa í það þema, margir eru að leita að einhverju skemmtilegu og öðruvísi skrauti á fermingarborðið. Sjálfri finnst mér mikil ró fylgja kertunum og þau verða að hálfgerðri lukt þegar þau brenna niður og pappírinn stendur eftir.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JÄRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h, Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is

Borðbúnaður

Handklæði, sápur, ilmkerti, ilmvara

fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

FRÉTTIR VÍSIRÞÓTTIR ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN

Meiri Vísir.

vísir.is

SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

Svefn & heilsa

★★★★★

www.svefn.is




HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Félag trérennismiða á Íslandi opnaði sýningu í Listasafni Erlings Jónssonar í Grófinni í Reykjanesbæ á laugardaginn var. Sýningin stendur til 27. febrúar og er lifandi að því leyti að rennibekkur verður þar allan tímann í gangi.

Heimild: www.trerennismidid.is



Einingarnar eru stórar og bjóða upp á mikla möguleika í ævintýrlegum leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Freistandi að klífa hraun


Leikfangaframleiðandinn Krumma ehf. kynnti nýja vörulínu í Listasafni Reykjavíkur á föstudaginn. Nýja línun kallast Krumma Flow og sækir innblástur sinn til íslenskrar náttúru.

„Leiktækin eru byggð á flæðinu í náttúrunni, skriðjökum, vatni og rennandi hrauni, öllu sem hefur áhrif á mótun náttúrunnar,“ útskýrir Dóra Birna Sigurjónsdóttir, markaðsstjóri Krumma.

„Það er alltaf freistandi að klífa í hrauni en það er ekki öruggt. Nú hefur okkur tekist að gera hraun bæði öruggt og skemmtilegt en leiktækin hafa áferð hrauns og eru jafn spennandi en for-eldrarnir geta verið rólegir,“ segir Dóra og tekur fram að öll leiktæki Krumma séu öryggisvottuð af Dansk Technologisk Institute með tilliti til evrópsks öryggisstaðals EN1176.

Leiktækin eru ætluð börnum frá sex ára aldri og upp úr. Aðalhönnuðir að baki línunnar eru Jenný Ruth Hrafnisdóttir, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Krumma ehf., og Hrafn Ingimundarson, véla-
verkfræðingur og eigandi fyrirtækisins. Leiktækin eru ætluð á opin svæði svo sem tjaldstæði, almenningsgarða og skólalóðir. Þau eru framleidd af Krumma en formin eru fræst út í þétt frauðplast sem síðan fær sérstaka yfirborðsmeðhöndlun til að líkja eftir áferð hrauns.

„Þessi tæki líta ekki út fyrir að vera leiktæki og eru ólík öllu því sem við höfum gert áður,“ segir



Köngulóarvefur spunninn í hrauni fangar ekki flugur heldur unglíngi í vinalagt spjallumhverfi. Gaman er að klífa í vefnum, rúlla sér eða ganga.

Dóra. „Við erum ánægð með útkomuna og sjáum fyrir okkur að þróa línuna áfram. Við eigum inni fullt af góðum hugmyndum.“

heida@frettabladid.is



Í hellinum er hægt að nýta skynfærin og skapa umhverfi sem örvar, með ljósi, skuggum, hlustun og hljóði.



Hægt er að klífa fyrir horn, upp, bæði bratt og flatt. Það eru engar fastmótaðar gönguleiðir í tækinu og því hægt að uppgötva nýja leið í hvert skipti sem lagt er í hraunið.

21. - 25. FEBRÚAR 2011

Góðverk dagSins!

Markmið Góðverkadaga er að bæta mannlífið með hjálpsemi og vináttu – að gera góðverk.

Kynntu þér málið nánar á
VÍSIR.IS

BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



VIÐ
BJÓÐUM
BETUR

ELDHÚS
BAÐ
ÞVOTTAHÚS
FATASKÁPAR

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRETTINGUM

OG **10% AÐ AUKI**
SÉ PÖNTUN STAÐFEST Í FEBRÚAR

www.friform.is

Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15

nettoline
Með punktinn yfir i-ið!
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími 562 1500



Blómapott vantar húsnaði !

Vegna mikillar sölu vantar okkur sárlega fleiri eignir á söluskrá.

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Höfum til sölu um 400 fm. einbýlishús á sjávarlóð á Arnarnesi

Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali,
einungis á skrifstofu

Gistihúsið Eyrar, Aðalstræti 8 - til sölu sem fyrst!

Heildarverð 23. millj. Útborgunarverð 10 millj. og restin á 2 árum. Upplýsingar í s. 8947283

Aukaíbúð í kjallara

Fasteignamarkaðurinn ehf. er með í sölu einbýlishús á tveimur hæðum auk 50 fermetra bílskúrs að Brúnastekk. Tveggja herbergja aukaíbúð er í kjallara hússins með leigu-tekjur.

Húsið er mikið endurnýjað og í góðu ástandi. Húsið stendur innst í botnlanga í Elliðaárdalnum með öbyggt svæði á tvo vegu. Fallegar gönguleiðir í kring og stutt í alla þjónustu. Ræktuð lóð með hellu-lögðum veröndum og skjólveggjum í kring.

Á efri hæð er gengið inn í flíslagða forstofu. Hol er einnig flíslagt og með nýjum fataskápum og endurnýjuðu gestasalerni með glugga. Eldhúsið er flíslagt með hvítum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Inn af eldhúsinu er flíslögð forstofa með útgangi út á lóðina og inn af forstofunni er búr með glugga. Sjónvarpshol er flíslagt og þaðan er útgangur út á verönd. Tvö barnaherbergi með parketi á gólfi eru á hæðinni og stórt parketlagt



hjónaherbergi með fataskápum. Baðherbergi er endurnýjað, flíslagt með sturtuklefa og stóru baðkari. Innfelld lýsing í loftum og veggjum.

Í kjallara hússins er sjónvarpshol með parketi á gólfi, tvær stórar geymslur og tómstundaherbergi með gufubaði inn af. Einnig

flíslagt baðherbergi með sturtuklefa og flíslagt þvottaherbergi.

Í kjallara er einnig tveggja herbergja íbúð með sér inngangi. Hún skiptist í forstofu, stofu og eldhús, herbergi, baðherbergi, geymslu og þvottaherbergi. Tvöfaldur bílskur með rafmagni, hita og rennandi vatni. Einnig er hiti í stétt.



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Leirvogstunga 10 - Einbýlishús



Vorum að fá í sölu flott 199,2 m² einbýlishús með innbyggðum bílskur við Leirvogstungu 10 í Mosfellsbæ. Bjart og rúmgott hús með fallegum innréttingum og gólfefni. Mikil lofthæð með fallegri lýsingu er í húsinu. ca. 50 m² afgirt timburverönd í suðvesturátt. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,5 m. 5149**

Kvíslartunga - Byggingarframkvæmd



Glæsilegt 382,5 m² einbýlishús í byggingu á góðri útsýnislóð við Kvíslartungu 28 í Mosfellsbæ. Björgvin Snæbjörnsson, arkitekt teiknaði húsið. Búið er að steypa botnplötu neðri hæðar og búað að steypa ca. 100 m² af veggjum. **Framkvæmdin fæst á mjög hagstæðu verði, kr. 17.000.000 fyrir lóð, gatnagerðargjöld, púða, plötu og 100 m² af veggjum 5145**

Stórikriki 2, Mos - 3 og 4ra herbergja íbúðir



Nýjar og glæsilegar 3 og 4ra herbergja íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með fallegum eikarinnréttingum. Flisar og parket eru á gólfum. **Verð frá 23,9 m. 5101**



Laxatunga - Mosfellsbæ
Fallgett 239,5 m² fullbúið einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskur við Laxtaungu í Mosfellsbæ. Þar af er bílskurinn 46,6 m². Fallgett útsýni. 4 rúmgöð svefnherbergi. Parket og flisar á gólfum. Gott skipulag og fallegar innréttingar. **V. 58,5 m. 5003**



Prastarhöfði 5 - 3ja herbergja
Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu, sér þvottahús og sér geymslu innan íbúðar. Íbúðinni fylgir einnig 4,8 m² sér geymsla í kjallara. Mjög stutt er yfir í Lágafellsskóla, leikskóla, glæsilega sundlaug og líkamsræktaraðstöðu. Einnig er golfvöllur og góðar gönguleiðir rétt við húsið. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,5 m. 5128**



Miðholt - 2ja herbergja
Falleg 47,5 m², 2ja herbergja íbúð á 3.hæð í þriggja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir geymsla á sömu hæð með glugga. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 12,5 m. 5052**



Asparfell - 4ra herbergja
Vel skipulögð 111,6 m², 4ra herbergja íbúð á annari hæð við Asparfell 8 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, gestasalerni, eldhús, stóra stofu, þrjú svefnherbergi, geymslu innan íbúðar og geymslu á jarðhæð. Tvennar svalir. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 17,5 m. 5151**

Ásbraut - 3-4ra herbergja



Rúmgöð og björt 90,8 m², 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð við Ásbraut í Kópavogi. Eignin skiptist í hol, baðherbergi, eldhús, tvær samliggjandi stofur og tvö herbergi. Sér geymsla, sameiginlegt þvottahús ásamt hjóla- og vagnageymslu. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 14,5 m. 5152**

Lækjarmelur - 116 Reykjavík



Nokkur ný 125,4 m² iðnðarbil/geymslur með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. 94,7 m² vinnslusalur með vélslipuðugólfi og 30,7 m² milliloft með stálstiga og stálhandriði. Góð innkeyrsluhurð, mikilli lofthæð og þriggja fasa rafmagni. Snýrting með salerni og handlaug auk skolvaski. **V. 12,3 m. 5122**

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Rauðavað 17, íbúð 102 - 110 Reykjavík



BLACK SWAN	KL. 8	BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐJIS
BLACK SWAN LÚXUS	KL. 5:30	BIG MOMMA'S HOUSE	KL. 5:50 - 8 - 10:10
GREEN HORNET 3D	KL. 5:25	JUST GO WITH IT	KL. 8 - 10:30
THE DILEMMA	KL. 10:30	THE FIGHTER	KL. 5:50
GULLIVER'S TRAVEL 3D	KL. 3:30		
ALFA OG ÓMEGA 3D	KL. 3:30		

Nánari upplýsingar og miðasala á
midí.is

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LYFJA
- Lífið heil

Voltaren Gel
15% verðlækkun.
100 g. Áður: 3.390 kr. Nú: **2.879 kr.**

Gildir út febrúar.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKASÍÐIS/LYFJ 53385 01/11

CAFÉ BÍÓ PARADÍS

ANNAN ÁR (ANOTHER YEAR) (L)	17:40, 20:10, 22:40
ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14)	17:50, 20:10, 22:30
LONDON BOULEVARD (16)	18:00, 20:00, 22:00
MICHACS (SÍÐASTA SÝNINGARVIKA)(L)	18:00, 20:00, 22:20

MUNID AÐGANGS-KORTINI!
Alt að 37% afhúttur

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDA MIÐSTÓÐVAR ÍSLANDS



Leyfðu okkur að kjósa gæti Hrafn Gunnlaugsson hafa sagt við Ólaf Ragnar forseta.

ÞESSIR FENGU STYTTU

Kvikmynd ársins Brim

Leikstjóri ársins Dagur Kári

Leikari í aðalhlutverki Ólafur Darri Ólafsson

Leikkona í aðalhlutverki Nína Dögg Filippusdóttir

Handrit ársins Dagur Kári

Leikari í aukahlutverki Þorsteinn Bachmann

Leikkona í aukahlutverki Elma Lía Gunnarsdóttir

Heimildarmynd ársins Feathered Cocaine



Ari Eldjárn fór á kostum í uppistandi sínu.



Þóra Arnórsdóttir sagðist ekki hafa neinn áhuga á að slá eigið ræðumet á Eddunni þegar hún var kjörin vinsælasti sjónvarpsmaðurinn.



Sigurjón Kjartansson fagnaði því að glæpasería skyldi loks hreppa Edduna þegar Réttur 2 var valið leikið sjónvarpsefni ársins.





ARON KRISTJÁNSSON var um helgina rekinn sem þjálfari þýska úrvalsdeildarfélagssins Hannover-Burgdorf. Liðið er í þriðja neðsta sæti deildarinnar en með því leika fjórir Íslendingar – Hannes Jón Jónsson, Vignir Svavars-son, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Sigurbergur Sveinsson.

ÚRSLIT

Powerade-bikar karla

KR - Grindavík 94-72 (40-39)
Stig KR: Brynjar Þór Björnsson 23, Pavel Ermo-linskij 21 (11 frák., 11 stoðs.), Hreggviður Magnús-son 13, Fannar Ólafsson 11, Marcus Walker 9, Finnur Atli Magnússon 8, Jón Orri Kristjánsson 5, Ágúst Angantýsson 3, Ólafur Már Ægisson 1.
Stig Grindavíkur: Kevin Sims 18, Ólafur Ólafsson 17 (9 frák.), Ryan Pettinella 12, Ómar Örn Sæv-arsson 10, Páll Axel Vilbergsson 8, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Helgi Björn Einarsson 2, Mladen Soskic 2.

Powerade-bikar kvenna

KR - Keflavík 62-72 (33-30)
Stig KR: Paige Morris 19 (13 frák.), Signý Her-mannsdóttir 14 (12 frák.), Hafrún Hálfánardóttir 10, Hildur Sigurðardóttir 9 (7 stoðs.), Margrét Kara Sturludóttir 6, Helga Einarisdóttir 2, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2.
Stig Keflavíkur: Jacqueline Adamshick 19 (14 frák.), Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 14, Bryndís Guðmundsdóttir 12 (10 frák./6 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 9, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Marín Rós Karlsdóttir 4, Marina Caran 3, Hrunð Jóhannsdóttir 3/6 fráköst.

N1-deild kvenna

HK - ÍBV 30-24 (13-10)
Gróttá - Fylkir 16-31 (6-14)
Fram - FH 40-18 (20-7)
Haukar - Stjarnan 21-40 (10-17)
Valur - ÍR 37-20 (20-7)
Markaskorara má finna á Vísí.

Enska bikarkeppnin

4. UMFERÐ, SÍÐARI LEIKIR

Chelsea - Everton 1-1
1-0 Frank Lampard (104.), 1-1 Leighton Baines (119.). Everton vann í vítaspyrnukeppni, 4-3.
Manchester City - Notts County 5-0
1-0 Patrick Vieira (37.), 2-0 Vieira (58.), 3-0 Carlos Tevez (84.), 4-0 Edin Dzeko (89.), 5-0 Micah Richards (90.).

5. UMFERÐ

Stoke - Brighton & Hove Albion 3-0
1-0 John Carew (14.), 2-0 Jonathan Walters (22.), 3-0 Ryan Shawcross (41.).
Birmingham - Sheffield Wednesday 3-0
1-0 Jean Beausejour (6.), 2-0 Obafemi Martins (17.), 3-0 David Murphy (53.).
Manchester United - Crawley Town 1-0
1-0 Wes Brown (28.).
Fulham - Bolton 0-1
0-1 Ivan Klasnic (18.).
Leyton Orient - Arsenal 1-1
0-1 Tomas Rosicky (53.), 1-1 Jonathan Tehoue (89.).

NÆSTU LEIKIR

West Ham - Burnley í kvöld kl. 20.00
Everton - Reading 1. mars
Manchester City - Aston Villa 2. mars
Arsenal - Leyton Orient 2. mars

FJÓRÐUNGSÚRSLIT

Stoke - West Ham/Burnley
Man. City/Aston Villa - Everton/Reading
Birmingham - Bolton
Manchester United - Leyton Orient/Arsenal
Leikirnir fara fram 12. og 13. mars.

Strákarnir sýndu sína sterkustu hlið

KR varð um helgina bikarmeistari karla í körfubolta á ný eftir 20 ára bið eftir sigur á Grindavík, 94-72. Pavel Ermolinskij fór á kostum og náði fyrstur allra í sögu keppninnar þrefaldri tvennu í úrslitaleiknum.

KÖRFUBOLTI KR batt um helgina enda á 20 ára bið eftir bikarmeist-aratitli með sigri á Grindavík, 94-72, í úrslitum Powerade-bikar-keppni karla. Eftir jafnan fyrri hálfleik gerði KR fljótlega út um leikinn í þeim síðari með öflugum sóknarleik sem Grindavíkurvörnin lenti í miklu basli með.

„Ég er ótrúlega ánægður með strákana,“ sagði Hrafn Kristj-ánsson, þjálfari KR. Hann stýrði einnig kvennaliði KR í hinum úrslitaleik dagsins en þá tapaði liðið fyrir Keflavík. „Þetta var þó alla vega góður endir á deginum,“ bætti hann við og brosti.

„Það sem mér finnst fyrst og fremst gaman er að þeir sýndu í dag hver þeir allra sterkasta hlið er. Það er að dreifa álaginu, láta mannskapinn rúlla og eiga þannig inni kraftinn fyrir seinni hálfleik-inn þegar við þurfum á honum á halda,“ sagði Hrafn.

Grindvíkingurinn Þorleifur Ólafsson meiddist í fyrri hálfleik og segir Hrafn að það hafi breytt miklu fyrir þá. „Það munar strax um einn leikmann upp á að halda mannskapnum ferskum. Þegar upp var staðið áttum við meira inni.“

KR-ingum gekk vel að hitta í seinni hálfleik og flest gekk þeim í hag þegar þeir fóru að síga fram úr. „Það er erfitt eftir svona leik fyrir þjálfara að hugsa um hvort allt hafi gengið upp eða hvað. Ég lít frekar á það þannig að við höfum lagt mikla vinnu í okkar leik og þegar þannig er þá fylgir heppnin líka með,“ sagði Hrafn.

Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálf-ari Grindavíkur, segir að sínir leikmenn hafi ekki gert neitt af því sem lagt var upp með fyrir síð-ari hálfleikinn. „Sá varnarleikur og sú barátta sem var til staðar í fyrri hálfleik var skilin eftir inni í klefa fyrir þann síðari. Þetta má einfaldlega skrifa á slæmt hugar-far. Menn komu ekki einbeittir til leiks og allt það sem við höfum æft í vetur fór út um gluggann.“

Ómar Örn Sævarsson, leikmaður Grindavíkur, tók í svipaðan streng. „Þetta eru háspennuleikir og liðið sem er betur stemmt vinnur leik-inn. Ég tel ekki að það sé taktík-in sem skiptir mestu máli í svona leikjum heldur frekar hausinn og hjartað,“ sagði hann. „Þegar þeir komust yfir og fengu sjálfstraust fóru þeir að taka sín skot og hittu úr þeim. Við hittum ekki úr okkar. Svona er þetta stundum.“



MAÐUR LEIKSINS Pavel Ermolinskij, leikmaður KR, fór á kostum og var valinn maður leiksins. Hér er hann með bikarinn góða.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

“Ég hefði kvittað undir það að gera mig að fifli í leiknum með skammarlegri frammistöðu hefði það engu að síður þýtt sigur í dag.

PAVEL ERMOLINSKIJ
LEIKMAÐUR KR

Grindavík hefur átt erfitt upp-dráttar á síðustu vikum og tapað fjórum leikjum í röð í Iceland Express-deild karla. „Þetta kemur allt í hæðum og lægðum. Jafnvel bestu liðin tapa nokkrum leikj-um í röð og við eigum eftir að ná okkur aftur á strik. Það er bara

svekkjandi að við gerðum það ekki í dag.“

Pavel Ermolinskij er fyrsti leik-maðurinn í sögu úrslitaleik bik-arkeppninnar sem nær þrefaldri tvennu og það kom fáum á óvart þegar hann var valinn maður leiksins.

„Ef það er einhver leikur þar sem maður hugsar ekki um eigin afrek þá er það þessi. Ég hefði kvittað undir það að gera mig að fifli í leiknum með skammar-legri frammistöðu hefði það engu að síður þýtt sigur í dag. Þetta er minn fyrsti stóri titill og er mér mjög létt að hafa unnið leikinn. Ég var stressaður fyrir leikinn en maður ímyndar sér aldrei að tapa fyrir fram og því er ég feginn að þetta tókst í dag.“

eirikur@frettabladid.is

Sögulegt afrek Pavels

Pavel Ermolinskij, leikmaður KR, varð um helgina fyrstur til að ná þrefaldri tvennu í úrslitaleik bikarkeppni karla.

Pavel Ermolinskij KR 2011
21 stig - 11 fráköst - 11 stoðsendingar
Aðrir sem hafa komist nálægt því:
Damon Johnson Keflavík 2003 (-2)
27 stig - 13 fráköst - 8 stoðsendingar
George Byrd Hamar/Selfoss 2007 (-2)
24 stig - 15 fráköst - 8 stoðsendingar
Hlynur Bæringsson Snæfelli 2008 (-3)
23 stig - 18 fráköst - 7 stoðsendingar
Jakob Sigurðarson KR 2009 (-3)
15 stig - 7 fráköst - 10 stoðsendingar
Justin Shouse Stjórnumni 2009 (-3)
22 stig - 8 fráköst - 9 stoðsendingar
Brenton Birmingham Njarðvík 1999 (-4)
26 stig - 10 fráköst - 6 stoðsendingar
Valur Ingimundarson Njarðvík 1995 (-4)
18 stig - 9 fráköst - 7 stoðsendingar
Brenton Birmingham Njarðvík 2002 (-4)
25 stig - 9 fráköst - 7 stoðsendingar
Matt Sayman Njarðvík 2005 (-4)
18 stig - 9 fráköst - 7 stoðsendingar



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

TRX Spinning
SpinningFit
TRX Combó
Zumba Fitness

WorldClass
ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000



DÝRMÆTU MARKI FAGNAÐ Jonathan Tehoue fagnar jöfnunarmarki sínu gegn Arsenal með lukkudýri Leyton Orient. Liðin þurfa nú að mætast aftur en nú á Emirates-leikvanginum.

Enska bikarkeppnin hélt áfram um helgina:

Manchester United og Arsenal í basli

FÓTBOLTI 16-liða úrslit enskú bikarkeppninnar hófust um helgina en einnig fóru fram nokkrir leikir sem þurfti að spila aftur úr 32-liða úrslitunum vegna jafnteflis í fyrri viðureigninni.

Þá var einnig dregið í fjórðungsúrslitin en aðeins fjögur lið eru með öruggt sæti í þeim nú – Stoke, Birmingham, Bolton og Manchester United.

Síðastnefnda liðið vann á laugar-
daginn nauman sigur á utandeild-
arliðinu Crawley Town, 1-0, með
marki Wes Brown í fyrri hálf-
leik.

„Þeir áttu skilið að ná jafntefli miðað við frammistöðuna í síðari hálfleik,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United, um andstæðingana sína. „Það er greinilegt að nokkrir leikmenn sem fengu tækifæri í dag gerðu sér enga grein fyrir mikilvægi leiksins. Þeir skilja ekki um hvað bikarinn snýst og lærðu dýrmæta lexíu í dag.“

United mætir annaðhvort Arsenal eða Leyton Orient, sem leikur í ensku C-deildinni, í fjórðungs-

úrslitunum. Þessi lið áttust við í gær og skildu jöfn, 1-1, og þurfa því að mætast aftur.

Tomas Rosicky kom Arsenal yfir snemma í síðari hálfleik með skallamarki en Jonathan Tehoue tryggði Leyton Orient jafnteflið með marki á lokamínútum leiksins.

Everton komst áfram í 16-liða úrslitin með sigri á Chelsea í síðari viðureign liðanna í 32-liða úrslitunum á laugardaginn. Vítaskyrnukeppni þurfti til að knýja fram úrslit og reyndist Phil Neville hetja Everton en hann tryggði liðinu sigur með því að skora úr síðustu spyrnu vítaskyrnukeppninnar. Manchester City komst einnig áfram með sigri á Notts County í síðari leik liðanna, 5-0.

Fulham er úr leik í bikarkeppninni eftir tap fyrir Bolton, 1-0. Eíður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Fulham í leiknum þar sem forráðamenn liðsins gleyfdu að útvega honum keppnisleyfi með líðinu í bikarkeppninni í tæka tíð.

- esá

- esá

HLEÐSLA | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN 

VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR LANDSINS! NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU

HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP Eða MILLI MÁLA. Það er engin tilviljun að
HLEÐSLA ER VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.*
HENTAR VEL FÓLKÍ MEÐ MJÓLKURSÝKURSÓÞOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS

*SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM AGNÆISEN OG CAPACENT 2.-30.JANÚAR 2011.

HLAUSNA 8.5.19 MS IS/ST/IGT/

**VINSÆLASTI
PRÓTEINDRYKKUR LANDSINS!
NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU**



**HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVIL JUN AÐ
HLEÐSLA ER VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.*
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSKURSORÐOL.**

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS

SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM AÐNIELSEN OG CAPACENT 2. – 30. JANÚAR 2011.



Golfsettið ferðast frítt!

Icelandair Golfers er klúbbur
sem auðveldar þér að spila
golf út um allan heim.

+ Skráðu þig í
Icelandair Golfers á
www.icelandairgolfers.is

Þú nýtur þessara hlunninda:

- Þú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Icelandair.
- Þú færð ýmis tilboð á golfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Icelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunktar
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básun
- Merkispjald á golfpokann



FÉLAGAR MED PREMIUM ICELANDAIR
AMERICAN EXPRESS® FRÁ
KREDITKORTI GREIÐA EKKERT
ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS



Golfers

Golfsettið ferðast frítt!

**Icelandair Golfers er klúbbur
sem auðveldar þér að spila
golf út um allan heim.**


+ Skráðu þig í
Icelandair Golfers á
www.icelandairgolfers.is

Þú nýtur þessara hlunninda:

- Þú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Ícelandair.
- Þú færð ýmis tilboð á golfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Ícelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunkturar
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básum
- Merkispjald á golfpokann



Golfers

**VILTU VINNA PS3
+ KILLZONE 3
+ SHARPSHOOTER?**

**9. HVER
VINNUR!**

18

KILLZONE 3

**ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ
ESL KILL Á NÚMERIÐ 1900.**

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU.

ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA

SMS SKEYTIÐ ESL A, B EÐA C

Á NÚMERIÐ 1900.

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

AÐALVINNINGUR:



**GEGGJAÐIR
AUKAVINNINGAR**

Killzone 2 PS3

DVD myndir

Tölvuleikir

Fullt af gosi!

sena



PS3

3D

PlayStation Network



VINNINGAR VERÐA AFHENTIR Í ELKO LINDUM, KÓPAVOGI.

MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

149 KR/SMS-ID. ÞÚ FÆRÐ 5 MÍN TIL AÐ SVARA SPURNINGU. LEIK LÍKUR 4. MARS 2011



SIGURDANS Keflvíkingar fögnuðu titlinum vel og innilega í Laugardalshöllinni um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vörn og sterk liðsheild

Keflavík varð um helgina bikarmeistari kvenna í körfubolta í tólfta sinn í sögunni eftir sigur á KR í úrslitaleik. Þetta var fyrsti bikarmeistaratitill þjálfarans Jóns Halldórs Eðvaldssonar sem hafði tapað þremur úrslitaleikjum í röð.

KÖRFUBOLTI Keflavík fagnaði um helgina sínum tólfta bikarmeistaratitli frá upphafi er liðið bar siguroð af KR í úrslitaleik Powerade-bikarkeppninnar, 72-62.

Eftir jafnan fyrri hálfleik þar sem KR hafði forystu, 33-30, tók Keflavík öll völd í síðari hálfleik og vann leikinn á öflugum varnarleik og sterkri liðsheild.

„Ég held að það hafi verið vörnin í síðari hálfleik sem skóp þennan sigur,“ sagði Keflvíkingurinn Bryndís Guðmundsdóttir eftir leikinn. „Í fyrri hálfleik ætluðu allir að gera eitthvað upp á sitt einsdæmi en það komst enginn í gegnum þvöguna og ekkert gekk upp. Við náðum svo aðeins að slappa af í hálfleik og þegar við fórum að tala betur saman í þeim síðari fór þetta að rúlla betur hjá okkur. Þegar við spilum vörn sem lið þá kemur sóknin með. Við erum góðar í að spila varnarleikinn maður á móti manni en svæðisvörnin er að koma mjög sterk inn hjá okkur og það hjálpar okkur mikið.“

Þjálfarinn Jón Halldór Eðvaldsson var á sama máli. „Þetta er stærsti leikur ársins og það er eðlilegt að það komi smá hökt á svæðisvörnina þegar maður fær 1-2 körfur á sig. En svo small þetta hjá okkur. Við höfum æft þetta vel og unnið í þessu lengi og það er að skila sér núna.“

Hann hrósaði einnig liðsheildinni í liði Keflavíkur. „Það var enginn einn leikmaður að bera uppi okkar leik. Liðið mitt er mjög gott þegar það vinnur saman og það sýndi sig í dag. Við vorum rólegri í seinni hálfleik, spiluðum okkar leik og þá gekk þetta mun betur hjá okkur.“

Jón Halldór hafði fjórum sinnum farið með Keflavíkurlíðið í bikarúrslit sem þjálfari en þetta var hans fyrsti sigur í keppninni. „Auðvitað er þetta persónulegur sigur fyrir mig en mér finnst þetta miklu flottara fyrir stelpurnar en nokkru sinni mig sjálfan. Það má alltaf segja að það hafi verið erfitt fyrir mig að landa þessum bikar í höllinni en ég hef áður unnið aðra titla hér og nú er þessi kominn líka. Menn geta því verið rólegir,“ sagði hann í léttum dúr.

Birna Valgarðsdóttir var valinn maður



BESTI LEIKMAÐURINN

Birna Valgarðsdóttir var valin maður leiksins en hún skoraði fjórtán stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

leiksins en hún var að leika sinn níunda bikarúrslitaleik á ferlinum. Marín Rós Karlsdóttir, liðsfélagi hennar, var að leika sinn tíunda á ferlinum.

„Birna er algerlega óborganlegur leikmaður. Hún var á annarri löppinni í dag og samt að dekkja einn besta leikmann KR. Það er líka mjög dýrmætt að geta gripið í leikmann eins og Marín Ósk sem hefur verið að berjast við meidsl í allan vetur og er í raun enn meidd. Hún kom inn, skoraði fjögur stig og skilaði sínu. Það er einfaldlega nauðsynlegt að vera með leikmenn í liðinu sem þekkja þetta og vita hvað þarf til.“

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, segir að liðið sitt hafi ekki brugðist rétt við í seinni hálfleik. „Við misstum aðeins hausinn. Við vorum búnar að tala um að við þyrftum að bregðast rétt við þegar þær myndu veita okkur svona högg. Keflavík er með frábært lið og skorar oft í kippum. En við náðum ekki að gera það þegar þær tóku sprettinn í þriðja leikhliða og var það sárt.“

eirikur@frettabladid.is

Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands innanhúss fór fram um helgina:

ÍR-ingar báru sigur úr býtum

FRJÁLSAR A-lið ÍR varð á laugar-daginn bikarmeistari innanhúss en bikarmót FRÍ fór fram í Laugardalnum. ÍR-ingar hlutu samtals 133 stig og voru með talsverða forystu á næstu lið – Norðurland og HSK sem bæði hlutu 103,5 stig. Norðurland var með fleiri sigurvegara og fékk því silfurverðlaunin.

ÍR fékk 63 stig í karlakeppninni en FH kom næst með 56 stig og svo Norðurland með 54. ÍR fékk einnig flest stig í kvennaflokki, alls 70, en HSK varð í öðru sæti með 57 stig og Norðurland í því þriðja með 49,5.

Kristinn Torfason, FH, stökk 7,77 metra í langstökki og var aðeins fimm sentimetra frá Íslandsmeti Jóns Arnars Magnússonar í greininni. Þar með náði hann lágmarkinu fyrir Evrópu-meistaramótið innanhúss sem fer fram í París fyrstu helgina í mars.



NÁÐI LÁGMARKINU Kristinn Torfason, FH, stökk 7,77 m í langstökki karla um helgina og náði lágmarki fyrir EM í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kristín Birna Ólafsdóttir bættist í þann hóp.

Kristín Birna var ekki langt frá því að ná lágmarkinu í 60 m grindahlaupi en þar sem hún þjóf-startaði var hún dæmd úr leik. Hún fær þó annað tækifæri í vikunni til að ná lágmarkinu fyrir mótið í París.

- esá


Óumdeilanlegir yfirburðir

Fréttablaðið er með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Enn eru yfirburðir Fréttablaðisins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.

Þess vegna les fólk frekar Fréttablaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2010.

Allt sem þú þarft...



> Josh Hartnett

„Ég lífi mikið í núinu og ég er alltaf að reyna að hugsa upp sniðuga hluti til þess að búa til góðar minningar.“

Josh Hartnett leikur lögreglu-mann sem rannsakar eitt alræmdasta morðmál í sögu Kaliforníu, Svörtu dalíu morðið svokallaða, þar sem fræg leikkona var myrt á ógeðfelliðan hátt í kvik-myndinni The Black Dahlia sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.

dagskrá

SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Eva María og Ingibjörg Haralds-dóttir skáld (e)
 - 17.20 Landinn (e)
 - 17.50 Táknmálsfréttir
 - 18.00 Mærin Mæja (3:52)
 - 18.08 Franklín (52:65)
 - 18.30 Sagan af Enyó (8:26)
 - 19.00 Fréttir
 - 19.30 Veðurfréttir
 - 19.35 Kastljós
 - 20.05 Svona er lífið (This Way of Life) Frönsk heimildarmynd um hjón og sex börn þeirra sem búa í náttúrufegurðinni í Ruahine-fjöllum á Nýja-Sjálandi.
 - 21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi (3:12) (Kvíka, áhrif Kárahnjúkavirkjunar og lúpinan) Við fáum fregnir af því hvernig kvíka safnaðist fyrir undir Eyjafjallajökli í mörg ár. Við spyrjum út í áhrif Kárahnjúkavirkjunar og álversins fyrir austan á samfélagið þar og förum í saumana á rannsóknum á lúpinunni.
 - 21.30 Mumbai kallar (2:7) (Mumbai Calling)
 - 22.00 Tíufréttir
 - 22.10 Veðurfréttir
 - 22.15 Íslenski boltinn
 - 23.00 Meistaradeild í hestaiþróttum
 - 23.20 Þýski boltinn
 - 00.20 Kastljós (e)
 - 00.40 Fréttir (e)
 - 00.50 Dagskrárlok
- 06.15 The Love Guru
- 08.00 School of Life
- 10.00 Jurassic Park 3
- 12.00 The Spiderwick Chronicles
- 14.00 School of Life
- 16.00 Jurassic Park 3
- 18.00 The Spiderwick Chronicles
- 20.00 The Love Guru
- 22.00 The Black Dahlia
- 00.00 The White Massai
- 02.10 Back to the Future II
- 04.00 The Black Dahlia
- 06.00 The Last Time

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON REYNIR AÐ KOMA AF STAÐ MELODIFESTIVALEN-ÆÐI

Sænska söngvasagan heldur áfram

Í síðustu viku ritaði ég pistil um sænsku söngvakeppni-na, Melodifestivalen, þar sem fulltrúi sænsku þjóðar-innar er kosinn fyrir Júrúvísjón. Ég upplifði mitt fyrsta Melodifestivalen-party í Kaupmannahöfn fyrir stuttu og ákvað þá stundina að gera þetta að árlegum viðburði.

Melodifestivalen er metnaðarfull söngvakeppni. Undankeppnirnar eru fjórar talsins og í lok hverrar undankeppni fara tvö lög beint áfram í úrslit en önnur tvö í svokallaðan bráðabana. Keppnirnar eru því sex talsins. Þegar heim kom ákvað ég að bjóða nokkrum vinkonum að horfa á eina undankeppnina með mér. Þær þáðu boðið og eins og við mátti búast eru þær nú forfallnir Melodifestivalen-fíklar. Það er nóg eftir af keppninni, úrslitin verða ekki ráðin fyrr en 12.

mars næstkomandi og þá mætast stálin stinn! Melodifestivalen-veislurnar eru nú orðnar tvær talsins og stöðugt bætist í aðdáenda-hópin. Það erfiðasta við áhorfið er að velja upphaldslagið sitt úr þeim átta lögum sem keppa því lögin eru bókstaflega hvert öðru betra. Sviðsmyndin er líka til sóma svo og öll sviðframkoma kepp-endanna sem eru flestir nokkuð öruggir með sig.

Sem sagt, Melodifestivalen er hin besta skemmtun og ef ég væri neydd til að finna eitthvað sem setja mætti út á þá væru það grínatriðin sem birt eru á milli laga. En þau eru þá í staðin notuð til klósettferða.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Lie to Me (14:22)
- 11.00 Masterchef (2:13)
- 11.45 Falcon Crest (15:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance (22:23)
- 14.20 So You Think You Can Dance (23:23)
- 15.45 ET Weekend
- 16.25 Apaskólinn
- 16.45 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (8:19)
- 19.45 The Big Bang Theory (15:17)
- 20.10 Glee (12:22) Önnur gamanþáttaröð-in um metnaðarfullu menntaskólanemana.
- 20.55 Undercovers (12:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrr-um CIA-njósningar og reka nú litla veislubjón-ustu í Los Angeles.
- 21.40 Saving Grace (13:13) Engill birtist lögreglukonunni Grace og heitir að koma henni á rétta braut en hún var á góðri leið með að eyðileggja líf sitt.
- 22.25 Tripping Over (6:6)
- 23.15 Modern Family (12:24)
- 23.40 Chuck (14:19)
- 00.25 Burn Notice (9:16)
- 01.10 The Nun
- 02.50 Lie to Me (14:22)
- 03.35 Glee (12:22)
- 04.20 Undercovers (12:13)
- 05.05 Two and a Half Men (8:19)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Man. City - Notts County
- 16.15 Leyton - Arsenal
- 18.00 NBA All Star Game Útsending frá stjörnuleik NBA þar sem allir bestu körfu-boltasníllingar heims sýna listir sínar í árlegri rimmu leikmanna frá Austur- og Vesturdeild-inni.
- 19.50 West Ham - Burnley
- 22.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 22.45 World Series of Poker Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu póker-spilarar heims.
- 23.40 West Ham - Burnley

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 WBA - Wolves
- 17.15 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvals-deildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 17.45 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdældina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.45 PL Classic Matches: Liverpool - Man Utd, 99/00
- 19.15 Newcastle - West Ham Útsending frá leik Newcastle United og West Ham United í ensku úrvalsdældinni.
- 21.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdældina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdældinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþriffin krufin til mergjar.
- 22.30 Man. City - Wolves

SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil (117:175)
 - 08.45 Pepsi MAX tónlist
 - 16.00 7th Heaven (13:22)
 - 16.40 Game Tívi (4:14)
 - 17.10 Dr. Phil (118:175)
 - 17.55 Spjallið með Sölva (1:16)
 - 18.35 America's Funniest Home Videos (46:46)
 - 19.00 Judging Amy (12:22)
 - 19.45 Will & Grace (19:22) Endursýn-ingar frá upphafi á hinum frábæru gaman-þáttum.
 - 20.10 90210 (14:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
 - 20.55 Life Unexpected (12:13) Banda-risk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli.
 - 21.45 CSI (6:22) Bandarískir sakamála-þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunn-ar í Las Vegas.
 - 22.35 Jay Leno (200:260) Spjallþáttur á léttum nótum.
 - 23.20 The Walking Dead (2:6) Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Rick og baráttu hans við uppvakninga.
 - 00.00 Spjallið með Sölva (1:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
 - 00.10 Rabbit Fall (1:6)
 - 00.40 The Cleaner (4:13)
 - 01.30 Will & Grace (19:22)
 - 01.50 Life Unexpected (12:13)
 - 02.35 Pepsi MAX tónlist
- SKJÁRGOLF
- 08.30 Northern Trust Open (4:4)
 - 13.40 Northern Trust Open (4:4)
 - 17.10 PGA Tour - Highlights (6:45)
 - 18.00 Golfing World (26:240)
 - 18.50 Northern Trust Open (4:4)
 - 22.20 Golfing World (26:240)
 - 23.10 Champions Tour - Highlights (2:25)
 - 00.05 ESPN America
 - 00.05 Golfing World (25:240)
 - 00.55 Golfing World (26:240)
 - 06.00 ESPN America

EXTRA

- 19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey.
- 20.15 E.R. (16:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Mentalist (13:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlög-reglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsi-legan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeytta athyglisgáfu sína.
- 22.35 Chase (8:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer.
- 23.20 Boardwalk Empire (1:12) Þætt-irnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpa-gengi spruttu fram og græðgin og hömlu-leysið var allsráðandi.
- 00.35 Mad Men (12:13)
- 01.25 E.R. (16:22)
- 02.10 The Doctors
- 02.50 Sjáðu
- 03.15 Fréttir Stöðvar 2
- 04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

- 18.15 Tveir gestir
- 18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísla-dóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðenskt mannlíf.
- 19.00 Fróðleiksmolinn

INN

- 20.00 Hrafnaþing Aðalsteinn Baldursson og Vilhjálmur Birgisson um stöðu samninga-mála.
- 21.00 Græðlingur Það er að mörgu að huga í græðlingi þótt veðrið sé kolvítlaust.
- 21.30 Svartar tungur Birkir Jón, Sigmund-ur Emir og Tryggvi Þór beint frá þingstörfum.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

World Class ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA á worldclass.is og í síma 55 30000

Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ - Sundlaug Selfjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Glee

Ástin svífur yfir vötnum í Glee á Stöð 2 í kvöld. Sönghópurinn fær það verkefni að syngja ástarsöngva í tilefni Valentínusardagsins.

Krakkarnir setja líka upp kossabás en það hitta ekki allar ástarörvar beint í hjartastað.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.03 Vitt og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.05 Morgunund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Stefnunót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Hádegisútlarpíð

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Hríngsól

14.03 Bak við stjórnunar

15.03 Útlarpssagan: Úr Bernskunni

15.25 Fólki og fræði

16.00 Siðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.20 Auglýsingar

18.21 Spegillinn

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Ópus

22.05 Veðurfregnir

22.10 Lestur Passíusálma

hefst

22.30 Gimí, grúsk og glóriur

23.25 Lostafulli listræninginn

00.05 Næturútlarp Rásar 1

BBCentertainment

11.35 Dalziel and Pascoe

12.20 Dalziel and Pascoe

13.05 Deal or No Deal

13.40 Deal or No Deal

14.15 Allo, Allo!

14.45 Allo, Allo!

15.20 Doctor Who

16.05 Whose Line Is It Anyway?

16.30 Whose Line Is It Anyway?

16.55 Whose Line Is It Anyway?

17.20 Deal or No Deal

17.55 Deal or No Deal

18.30 Allo, Allo!

19.00 Allo, Allo!

19.35 Little Britain

20.05 Coupling

20.35 Mutual Friends

21.25 The Office

21.55 Whose Line Is It Anyway?

22.45 Mutual Friends

23.40 EastEnders

DR 1

13.00 Den store dag

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.10 Jamie Olivers skolemad

15.00 Den lille røde traktor

15.10 Rasmus Klump - på skøjter

15.15 Byggemand Bob

15.30 Ni-Hao Kai Lan

15.55 Johannas husdyr

16.00 Landsbyhospitalet

16.50 DR Update - nyheder og vejr

17.00 Jamie Olivers eget køkken

17.30 TV AVISEN med Sporten

18.05 Aftenshowet

18.55 Jamie's School Dinners - Return

20.00 TV AVISEN

20.25 Horisont

20.50 Sporten

21.00 Hercule Poirot: Viseren peger på mord

22.30 OBS

22.35 Katastrofealarm: London

NRK1

12.05 Korrespondentene

12.35 Ein dag i Sverige

12.50 Glimt av Norge

13.00 NRK nyheter

13.05 Norge rundt

13.30 Ut i naturen

14.00 NRK nyheter

14.10 Dallas

15.00 NRK nyheter

15.10 Lyngbø og Hærlands Big Bang

16.00 NRK nyheter

16.10 Skispor fra 1952 til 1982

16.40 Oddasat - nyheter på samisk

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Førkveld

17.40 Distriktsnyheter

18.45 Puls

19.15 Kjendisbarnvakten

19.55 Distriktsnyheter

20.40 Brødre

21.25 Håkon & Haffners byggeklosser

22.00 Kveldsnytt

22.15 Kalde spor

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige

10.15 Landet runt

11.00 Rapport

11.05 Spörtspeglén

11.35 Sverige!

12.05 Den stora lögnen

14.10 Gomorron Sverige

15.00 Rapport

15.05 En idiot på resa

15.50 Vilma

15.55 Minuten

16.55 Sportnytt

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Fråga doktorn

18.00 Kulturyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 Klass 9A

19.30 Dom kallar oss artister

20.00 Gynekologen i Askim

21.00 Sexualkunskap

21.30 Hotellpraktikanterna

22.00 X-Games

NÝTT

Lífræn barnamjólk

til blöndunar eða tilbúin til drykkjar



Við  lífrænt

hipp.is

fyrir 12 mánaða og eldri

FORSÍÐA

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKID Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, fréttar og myndskaiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útlarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og í iPad!



VÍSIR.IS



„Besti bitinn sem ég fæ er allt sem Rósa Birgitta í Feldberg eldar. Hún býr líka til alveg snilldar salat-dressingu.“

Ásgrímur Mór Friðriksson, hönnuður og leikstjóri.

Selja föt sín í 500 verslunum um allan heim

Gunnar Hilmarsson, annar eigenda Andersen & Lauth, segir fyrirtækið hafa blásið til sóknar á erlendra grundu undanfarna mánuði. Hann hefur sótt fjölda erlendra sölusýninga það sem af er árinu og segir viðtökurnar hafa verið góðar.

Frá því í janúar hefur Andersen & Lauth tekið þátt í sölusýningum og tiskuvikum í Berlín, París, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Madríd, Amsterdam og London og að sögn Gunnars er stefnan tekin á tiskuvikuna í Milanó síðar í febrúar. Hann segir fyrirtækið hafa verið í hröðum vexti undanfarna mánuði og sér fram á bjarta tíma. „Við erum búin að vera á fullu upp á síðkastið við

að sýna á hinum ýmsu tiskuvikum og þetta er búið að ganga mjög vel,“ segir Gunnar sem var staddur á tiskuvikunni í London þegar blaðamaður náði af honum tali.

Að hans sögn varð minna um tækifæri innan tiskubrönsans eftir að heimskreppan skall á en að nú sé líf farið að glæðast í hann að nýju. „Við ákváðum að keyra svolítið á þetta núna þar sem kreppan er aðeins farin að hjaðna. Ég reikna með að nýja línan verði seld í um 500 verslunum um allan heim, allt frá Rússlandi til Sáði-Arabíu og allt þar á milli. Merkið hefur dafnað vel og við erum auðvitað hrikalega ánægð með það,“ segir hann.

Aðspurður segir Gunnar að síðustu sölusýningunni ljúki um miðjan mars og að þá muni hann hefjast handa við að hanna næstu vorlínu. „Sýningunum lýkur um miðjan mars og þá hefjumst við handa við að teikna vorlínu fyrir árið 2012. Við þurfum helst að klára það fyrir lok marsmánaðar þannig það er aldrei frí í þessum bransa,“ segir Gunnar að lokum og hlær.

SLÆR Í GEGN Gunnar Hilmarsson hjá Andersen & Lauth hefur sótt fjöldann allan af sölusýningum það sem af er árinu. Hönnun fyrirtækisins verður að öllum líkindum seld í um 500 verslunum um heim allan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON



FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var fast skotið á RÚV á Eddunni en ríkisapparatið getur gengið nokkuð sátt frá borði þegar verðlaunin eru skoðuð. Þannig var Landinn valinn besti fréttar- eða viðtalsþáttur ársins og Gísli Einarsson sjónvarpsmaður ársins. Fagur fiskur í sjó var lífsstílsþáttur ársins og Þóra Arnórsdóttir var kjörin vinsælasti sjónvarpsmaðurinn í netkosningu. Ekki má



heldur gleyma sigri Björgvins Franz Gíslasonar og Stundarinnar okkar sem sló sjálfum Sveppa við.

Og það var kannski fleira sem kom á óvart því það voru gamlir Rúvarar sem fóru með sigur af hólmi í flokknum skemmtiþáttur ársins. **Spaugstofan** kom, sá og sigraði fyrir þættina á Stöð 2 og hafði þannig betur gegn bæði Ameríska draumnum og Loga í beinni.

- fgg



Auglýsingasími

512 5050



ÁMUNDI BJÖRKLUND: MÉR FINNST ÉG VERA MJÖG HEPPINN

Íslendingur fékk Grammy fyrir metsölulag með Train

„Þetta er auðvitað draumur fyrir mig, strák frá Tromsö, að vera kominn á þennan stað. Tónlistin er hins vegar þannig að hún fjarlægir öll landamæri og það spyr mig enginn hvaðan ég sé. En auðvitað finnst mér ég vera mjög heppinn og raunar ofdekraður að vera að vinna með slíku hæfileikafólki,“ segir Ámundi Björklund, annar helmingur höfundarteymisins Espionage. Tvíeykið hlaut Grammy-verðlaunin fyrir lagið Hey, Soul Sister ásamt Patrick Monahan, söngvara Train, en lagið sló algjörlega í gegn vestanhafs, smáskífan seldist í fimm milljónum eintaka og var mest selda lagið á I-tunes árið 2010.

Íslendingar geta gert töluvert tilkall til Ámunda því móðir hans er Nanna Hauksdóttir og sjálfur talar hann ágætis íslensku. „Ég reyni að koma mjög reglulega til Íslands, að minnsta kosti annað hvert ár. Ég á mjög stóra móðurfjölskyldu á Íslandi sem mér þykir mjög vænt um og reyni að hitta. Ég kom reyndar í tvígang í fyrra og það er í plönunum hjá mér að koma núna í sumar.“

Ámundi byrjaði að semja lög fyrir einum þrettán árum og kynntist þá Espen Lind, hinum helmingi Espionage. Þeir tveir fóru að semja fyrir aðra listamenn í Noregi og færðu síðan út kvíarnar til Bretlands. Stóra tækifærið kom hins vegar árið 2006 þegar þeir sömdu slagarann Irreplaceable sem Beyoncé Knowles gerði hrikalega vinsælt. Lagið sat í efsta sæti Billboard Hot 100 í tíu vikur samfleytt og var best selda smáskífan í Bandaríkjunum árið 2007. „Það lag gerði okkur kleift að flytjast út til New York þar sem við höfum verið síðustu fjögur ár,“ segir Ámundi en Espionage hefur hlotið fjölmörg BMI-verðlaun sem eru verðlaun lagahöfunda í Bandaríkjunum.

Ámundi er nú staddur í Texas þar sem hann er að semja nýtt efni ásamt kántrí-stjörnunum í Dixie Chicks. Það fari hins vegar eftir listamanninum í hversu miklu návígi lögin séu samín. „Eins og



HVAÐ SEGIR MAMMA?

Ámundi er hálfur Íslendingur og er sonur Nönnu Hauksdóttur sem er aðstoðardeildarstjóri heilbrigðisdeildar háskólans í Tromsö. Nanna hefur verið búsett í Tromsö síðustu fjórutíu árin en heldur góðu sambandi við Ísland. „Ég er auðvitað alveg ótrúlega montin af honum og stolt,“ segir Nanna í samtali við Fréttablaðið. Hún segir Ámunda skilja íslensku mjög vel en hann tali hana lítið. „Ég talaði alltaf við hann á íslensku þegar hann var lítill.“

BÚSETTIR Í NEW YORK Ámundi (t.v) og Espen Lind í London árið 2008 þegar þeir fengu verðlaun fyrir besta lag ársins á BMI-verðlaunahátíðinni. Ámundi segist koma reglulega til Íslands enda eigi hann móðurfjölskyldu sem honum þygi mjög vænt um. Ámundi er búsettur í New York og hefur unnið með stórstjörnum á borð við **Beyoncé** og er nú að semja nýtt efni með Dixie Chicks.

NORDIC PHOTOS/GETTY

með laginu hennar Beyoncé þá skiluðum við því bara af okkur til hennar og hún síðan söng það. Hey Soul Sister er hins vegar samið í nánú samstarfi með Pat Monahan enda er hann frábær lagahöfundur.“



Getum vel við unað

„Maður er bara mjög ánægður, ekkert annað hægt,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá ZikZak. Fyrirtækið var tilnefnt til 31 Eddu í ár og fór heim með ellefu á laugardagskvöldið, sex fyrir Brim en fimm fyrir The Good Heart.

Það stefndi strax í mikla baráttu milli myndanna tveggja og flestir í salnum hafa eflaust verið reiðubúnir að veðja einhverjum krónum á það að nafn The Good Heart myndi koma upp úr umslaginu hjá iðnaðarráðherra þegar tilkynna átti um kvikmynd ársins. Enda var Dagur Kári búinn að hirða verðlaun fyrir bæði besta handrit og leikstjórn og hafði þar að auki hlotið Edduna fyrir tónlistina í Brim. En það var nafn Brim sem kom upp úr hattinum.

„Ég held að allir hafi bara verið mjög sáttir við skiptinguna, allavega voru þeir Dagur og Árni sáttir. Þetta var bara gott kvöld, við áttum þarna notalega kvöldstund og þetta hús íslensku óperunnar var klæðskerasniðið fyrir athöfn eins og þessa.“

- fgg



STOLTIR AF SÍNUM Þórir Snær og Skúli Malmquist frá ZikZak tóku við Eddunni fyrir kvikmynd ársins ásamt leikstjóranum Árna Ólafi Ásgeirssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu

auglýsir eftir tilnefningu félagsmanna vegna kjörs í trúnaðarstöður félagsins fyrir starfsárin 2011 til 2014.

Félagsmenn geta gert tillögu um stjórnarmenn og verða að minnsta kosti 25 félagsmenn að standa að tillögu um hvern stjórnarmann.

Allar tillögur skulu vera skriflegar og berast kjörstjórn félagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund þ.e. fyrir 3. mars nk.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum, formanni og sex meðstjórnendum, auk tveggja til vara.

Stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Aðalfundur félagsins verður 24. mars nk. á Akureyri og hefst kl. 17:30.

TIL HAMINGJU KR!

- með Bikarmeistaratitilinn



- allir sem einn



HERBALIFE®

Næring fyrir betra líf

Fjölsmiðjan er Casa Herbalife, styrkt af
Herbalife er skráð á NYSE



FRÉTTIR AF FÓLKI

Frumskýningardagur kominn

Eftir miklar vangaveltur á kvikmyndavefsíðum er loksins kominn frumsýningardagur á kvikmynd **Anitu Briem**, Dylan Dog: Dead of the Night, í Bandaríkjunum. Fréttablaðið birti fyrir skemmstu nokkrar myndir af Anitu í heitum leik með Ofurmennisstjórnunni Brandon Routh sem vöktu mikla athygli og nú hefur verið tilkynnt að myndin sjálf verður frumsýnd í Bandaríkjunum 29. apríl.



Fjölskylduboð á Bessastöðum

Það var margt um manninn á Bessastöðum í gær þegar Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti þjóðinni að hann myndi synja Icesave-lögunum staðfestingar. Fjölskyldukærleikurinn var hins vegar ekki langt undan því þeir feðgar Ómar Valdimarsson og Ómar R. Valdimarsson spurðu forsetan spjörunum úr en þeir hafa sinnt skrifum fyrir erlenda fjölmiðla hér á landi. Við hlið föður síns stóð svo Agnes Valdimarsdóttir sem hefur gegnt svipuðu starfi undanfarið. Við vitum líklega hvað þau hafa að skeggræða við kvöldmatarborðið. - fgg, bph



Mest lesið VÍSIR.IS

- 1 Lögreglan lokaði skemmtistað í borginni
- 2 Forsetinn boðar til blaðamannafundar
- 3 Svandís leggst gegn álveri í Helgavík
- 4 Stungið á tugi dekkja í Vesturbæ
- 5 Þingið starfar áfram þrátt fyrir ákvörðun forsetans

Office1

Fyrirtækjapjónusta

ÓDÝR
REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjapjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjapjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is



Nýr ferðabæklingur!

NÝR FERÐABÆKLINGUR SUMARFERÐA FYLGIR BLAÐINU Í DAG!



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
AF GLÆSILGU
ÁFANGASTÖÐUNUM
OKKAR 2011!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar